Hafnagerð	243,0	350,0
Flugmál	172,0	184,0
Ríkisspítalar	143,2	178,0
Landgræðsla og skógrækt ...	85,3	276,9
Þangverksmiðja, Reykhólum .		100,0
Annað	337,4	392,6
2. Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum	1 987,4	2 320,0
Þar af: Skólabyggingar	695,4	838,0
Hafnagerð	622,7	542,7
Sjúkrahús og læknaþústaðir ..	295,1	431,2
Landbúnaðarmál	248,7	305,3
Annað	125,5	202,8
II Fjárfestingarstyrkir	214,2	339,8
1. Til sveitarfélaga	128,6	257,0
Þar af: Vegir í kaup- og kaupstöðum	125,8	254,6
Annað	2,8	2,4
2. Til einstaklinga og samtaka	85,6	82,8
Þar af: Styrktarsjóður vangefinna ...	33,5	33,5
Annað	52,1	49,3
III Framlög til fjárfestingarsjóða, lána- greiðslna og endurlána	2 191,0	3 963,7
1. Til fjárfestingarsjóða	1 529,2	3 312,6
Þar af: Byggingasjóður ríkisins	682,4	1 469,0
Byggingasjóður	152,6	877,0
Byggingasjóður verkamanna ..	100,0	150,0
Fiskveiðisjóður	210,0	312,0

	Fjárlög 1974	Frumvarp 1975	
Stofnlánadeild landbúnaðarins	121,0	202,0	
Iðnlánasjóður	50,0	50,0	
Iðnrekstrarsjóður	50,0	50,0	
Aðrir sjóðir	163,2	202,6	
2. Til lángreiðslna og endurlána			651,1
Þar af: Orkusjóður	91,2	116,7	
Ríkisábyrgðasjóður	75,0	100,0	
Framlag vegna togaralána	47,6	86,5	
Landshafnir, endurgr. lána ..	60,0	89,2	
Endurlán vegna sérstakra hafnaframkvæmda	56,0	—	
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	80,0	—	
Hafnabótasjóður	53,3	64,0	
Annað	198,7	194,7	
Framkvæmdaframlög samtals	8 108,9	11 937,8	

7. Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps
1975 og fjáröflun til þeirra.

(Í millj. kr.)

	Framkvæmd	Eigið fé	Fjárveiting	Lántökur
I Rafvirkjanir og veitur	3 940,8			
Rafmagnsveitur ríkisins	680,0	20,0		660,0
Landsvirkjun	2 449,0	176,5	62,0	2 210,5
Stofnlína S-V-N-land	250,0			250,0
Sveitarafvæðing	110,0		50,0	60,0
Kröfluvirkjun	100,0			100,0
Jarðboranir ríkisins	313,0			313,0
Laxárvirkjun	38,8	38,8		
II Samgöngumannvirki	3 513,5			
Almenn vegagerð	1 971,0		1 469,0	502,0
Skeiðarársandsvegur	116,0			116,0
Almenn hafnarmannvirki	547,2		547,2	
Landshafnir	350,0		140,0	210,0
Flugvallagerð	214,7	30,7	184,0	
Póstur og sími	295,1	295,1		
Önnur samgöngumál	19,5		19,5	
III Önnur opinber starfsemi	2 951,6			
Skólabyggingar	1 171,0		1 171,0	
Siúkrahús	609,2		609,2	
Landbúnaðarmál	700,8		700,8	
Aðrar framkvæmdir	470,6		370,6	100,0
Samtals	10 405,9	561,1	5 323,3	4 521,5

8. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa.

Skipting eftir tekjustofnum.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		754 200
Tryggingastofnun ríkisins	754 200	
Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum		369 300
Tryggingastofnun ríkisins	369 300	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		170 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	170 000	
Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga		2 030
Byggingasjóður ríkisins	2 030	
Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga		2 120
Byggingasjóður ríkisins	2 120	
Hluti af eignarskatti		75 000
Byggingasjóður ríkisins	75 000	
Erfðafjárskattur		50 000
Erfðafjárjóður	50 000	
Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga		63 810
Byggingasjóður ríkisins	63 810	
Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga		8 500
Byggingasjóður ríkisins	8 500	
Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum		40 000
Ríkisútvarpið, sjónvarp	40 000	
Gúmmígjald		99 000
Vegasjóður	99 000	
Innflutningsgjald af bensíni		1 751 000
Vegasjóður	1 751 000	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		17 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	17 000	
Byggingasjóðsgjald af innflutningi		50 000
Byggingasjóður ríkisins	50 000	
Hluti af vörugjaldi		33 500
Styrktarsjóður vangefinna	33 500	
Álgjald		337 000
Byggðasjóður	337 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		7 400
Menningarsjóður	7 400	
Skemmtanaskattur		44 000
Sinfóníuhljómsveit	4 400	
Félagsheimilasjóður	39 600	
Launaskattur		1 247 000
Byggingasjóður ríkisins	1 247 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Ferskfiskmatsgjald		39 000
Ferskfiskeftirlit	39 000	
Iðnaðargjald		15 000
Rannsóknastofnun iðnaðarins	15 000	
Gjald af seldum vindlingum		32 972
Landgræðslusjóður	15 500	
Krabbameinsfélag Íslands	7 938	
Íþróttasamband Íslands	4 767	
Slysavarnafélag Íslands	4 767	
Gjald af seldum eldspýtum		2 000
Styrktarsjóður fatlaðra	2 000	
Sérleyfisgjald		5 300
Sérleyfissjóður	5 300	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		7 500
Gæsluvistarsjóður	7 500	
Útflutningsgjald af sjávarafurðum		22 500
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	16 042	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	6 458	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		400
Krabbameinsfélag Íslands	400	
Vitagjald		18 000
Vita- og hafnamálastofnunin	18 000	
Skipaskoðunargjald		3 500
Siglingamálastofnun ríkisins	3 500	
Bifreiðaskattur		395 000
Vegasjóður	395 000	
Skipulagsgjald		21 000
Skipulagsstjóri	21 000	
Einkaleyfisgjald af Happraetti H. Í.		21 820
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna ..	21 820	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		10 000
Ríkisábyrgðasjóður	10 000	
Sérlyfjagjald		800
Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit	800	
Samúðarskeyti Landssímans		6 000
Minningarsjóður Landspítalans	6 000	
Rafmagnseftirlitsgjald		28 176
Rafmagnseftirlit ríkisins	28 176	
Verðjöfnunargjald		440 000
Orkusjóður	440 000	
	<hr/>	
Samtals	6 189 828	6 189 828

9. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa.

Skipting eftir viðtakendum.

			Pús. kr.
01 171	Byggðasjóður:		
	Álgjald		337 000
02 276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:		
	Einkaleyfisgjald af hagnaði Happprættis Háskóla Íslands ..		21 820
02 972	Ríkisútvarpið, sjónvarp:		
	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum		40 000
02 974	Sinfóníuhljómsveit:		
	Hluti skemmtanaskatts		4 400
02 976	Meningarsjóður:		
	Miðagjald		7 400
02 985	Félagsheimilassjóður:		
	Hluti skemmtanaskatts		39 600
02 989 02	Íþróttasamband Íslands:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		4 767
04 271	Landgræðslusjóður:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		15 500
05 211	Fiskmat ríkisins:		
	Ferskfiskmatsgjald		39 000
05 271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips:		
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		16 042
05 272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs:		
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		6 458
07 271	Húsnæðismálastofnun ríkisins:		
	Hluti af eignarskatti		75 000
	Launaskattur	1 247 000	
	Hluti af eignarskatti einstaklinga, eignarskatti félaga, tekju- skatti einstaklinga, tekjuskatti félaga og aðflutningsgjöldum		126 460
07 301	Skipulagsstjóri:		
	Skipulagsgjald		21 000
07 971	Erfðafjárssjóður:		
	Erfðafjárskattur		50 000
07 975	Styrktarsjóður vangefinna:		
	Hluti af vörugjaldi		33 500
07 999 13	Slysavarnafélag Íslands:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		4 767
07 999 14	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra:		
	Gjald af seldum eldspýtum		2 000
08 271	Tryggingastofnun ríkisins:		
	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		754 200
	Slystryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjöld af trillu- bátum og búvélum		369 300
08 273	Atvinnuleysistryggingasjóður:		
	Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald		170 000
08 399 03	Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit:		
	Sérlyfjagjald		800
08 399 09	Krabbameinsfélag Íslands:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		7 938
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		400
08 399 25	Minningarsjóður Landspítalans:		
	Samúðarskeyti Landssímans		6 000

		Þús. kr.
08 471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	7 500
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	10 000
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmigjald	99 000
	Innflutningsgjald af bensini	1 751 000
	Bifreiðaskattur	395 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	18 000
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	3 500
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	5 300
11 202	Rannsóknastofnun iðnaðarins:	
	Iðnaðargjald	15 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	17 000
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	28 176
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	440 000
	Samtals	6 189 828

10. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda.

		%
Beinir skattar		18,7
Persónuskattar	2,9	
Eignarskattar	1,0	
Tekjuskattar	14,8	
Óbeinir skattar		80,4
Gjöld af innflutningi	26,8	
Gjöld af framleiðslu	1,1	
Gjöld af seldum vörum og þjónustu	48,0	
Aðrir óbeinir skattar	4,5	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		0,6
	Samtals	100,0

11. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.

09 382	Samkvæmt launalögum		5 182 000
		Samtals	5 182 000
09 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:	Kr.	Kr.
	Aðalheiður Nielsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrn.	76 716	
	Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	76 301	
	Ágúst Kvaran	126 088	
	Ágúst Ólafsson, póstur	30 517	
	Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	76 716	
	Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	60 609	
	Alfons Gíslason, fyrrv. símstjóri	76 301	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm. ..	150 671	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	59 011	
	Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 652	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	48 212	
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	30 517	
	Ása Ásmundsdóttir	76 301	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	61 040	
	Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	82 520	
	Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	128 644	
	Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	45 457	
	Benedikt Gíslason	150 446	
	Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	59 303	
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	61 040	
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Bjarni Þorsteinsson	40 691	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
	Björn Björnsson, bókbindari	59 011	
	Björn Einarsson	127 924	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	76 301	
	Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	182 033	
	Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafréiðslumaður	59 303	
	Daniel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	75 180	
	Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	70 813	
	Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	30 517	
	Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	121 179	
	Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	50 866	
	Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	40 691	
	Einar Steindórsson, fyrrv. póstafréiðslumaður ..	59 303	
	Elfn Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	50 866	
	Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	75 865	
	Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	72 082	
	Emilía Jónasdóttir, leikkona	61 040	

	Kr.	Kr.
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	40 691	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símtjóri	101 730	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	76 301	
Gísli Guðnason, fyrrv. símtjóri	53 700	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu ..	61 040	
Gísli Sigurðsson	50 866	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	36 881	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Guðbrandur Benediktsson	49 420	
Guðfriður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	30 517	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	30 517	
Guðjón Pétursson	82 650	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	62 171	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	32 386	
Guðmundur Arnason, fyrrv. póstur	40 691	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..	30 517	
Guðmundur Eliasson, fyrrv. fiskmatsmaður	40 691	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símtjóri	61 040	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	97 028	
Guðmundur Jónsson	129 836	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	30 517	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	40 691	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	61 040	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símtöðvarstjóri	51 636	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	75 762	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	30 517	
Hálf dán Björnsson	61 040	
Halldór Hansen, læknir	115 358	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	131 361	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	30 517	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	82 520	
Helgi Ágústsson	101 730	
Helgi Eleasarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagns-		60 609
veitna ríkisins		72 346
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður		30 517
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður		50 967
Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður		49 420
Helgi Kjartansson		61 040
Helgi Tryggvason, bókbindari		30 517
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir		61 040
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari		73 116
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður		101 075
Hermann Jónsson, fyrrv. hreppstjóri		30 517
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir		30 517
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir		51 636
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður		59 011
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri		61 040
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari		59 011
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri		

	Kr.	Kr.
Inga Nielsen Beck, fyrrv. simstöðvarstjóri	44 139	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	101 730	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	67 919	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrni.	55 187	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	40 691	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun ..	277 641	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	60 609	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	61 040	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	50 866	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj. ..	59 303	
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	136 677	
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	42 960	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	61 040	
Jón Bóason, fyrrv. póstur	30 517	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	41 307	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	59 011	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	75 976	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	101 730	
Jón Sveinsson, fyrrv. símtjóri	60 609	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	30 517	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	51 636	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	30 517	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	44 258	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. simstöðvarstjóri	76 356	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona ..	150 446	
Július Jónsson, fyrrv. póstur	30 517	
Július Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	29 652	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	40 691	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	62 171	
Klara Guðmundsdóttir	76 301	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Kristín Ingileifsdóttir	89 412	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 590	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	62 171	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	59 497	
Kristján Albertsson, rithöfundur	97 028	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	79 140	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	61 040	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	30 517	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	42 960	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	75 180	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	73 116	
Magnús Magnússon, rithöfundur	61 040	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	

	Kr.	Kr.
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	114 638	
María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	61 040	
María Markan, óperusöngkona	97 028	
María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	30 517	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	66 388	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	30 517	
Oddný Wíum	30 517	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	40 755	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	42 960	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	50 866	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	41 307	
Ólafur Guðmundsson	61 040	
Ólafur Magnússon	75 180	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	110 225	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	64 322	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	50 938	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	109 290	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	45 779	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	76 301	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	37 590	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	40 691	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 307	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	50 866	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	111 879	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	55 187	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símtjóri	53 700	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	59 303	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Sigurður Greipsson	122 468	
Sigurður Nordal, prófessor	122 801	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	30 517	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símtjóri	60 609	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	61 040	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	29 652	
Skúli Skúlason frá Odda	146 451	
Stefán Karlsson, fyrrv. póstafréttslumaður	53 700	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	44 258	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	30 517	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	74 131	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	30 517	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	30 517	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	66 388	
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	30 517	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppspítala	50 866	

	Kr.	Kr.
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Valves Kárasón, fyrrv. fiskmatsmaður	61 040	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	30 517	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	61 040	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 517	
Þórður Benediktsson	148 255	
Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	129 331	
Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	42 960	
Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis ..	60 144	
Þorleifur Jónsson	116 948	
Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðar- félags Íslands	101 933	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 691	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	61 040	
Samtals		13 228 412

09 384 Ekkjur:		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	75 834	
Agnethe Kamban	128 783	
Ágústa Högnadóttir	29 023	
Ágústa Sigurðardóttir	49 786	
Anna Jakobína Árnadóttir	29 023	
Anna Ólafsdóttir	32 405	
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	39 827	
Árný Stígsdóttir	29 869	
Arnþrúður Daníelsdóttir	32 405	
Áslaug Nielsen	72 557	
Ásta Jónsdóttir	169 702	
Ásta Ólafsdóttir	59 744	
Ástríður Eggertsdóttir	49 786	
Ástríður Magnúsdóttir	29 869	
Björg Þórðardóttir	50 539	
Borghildur Thorarensen	102 030	
Bryndís Þórarinsdóttir	67 635	
Dagbjört Guðjónsdóttir	47 484	
Dóra Þórarinsdóttir	72 557	
Elín Elnarsdóttir	89 616	
Elínborg Bogadóttir	72 199	
Elísabet Jónsdóttir	29 869	
Elísabet Kemp	64 979	
Eufemía Ólafsdóttir	124 466	
Fjóla Kristjánsdóttir	47 484	
Fríða Hlíðdal	215 831	
Guðbjörg Erlendsdóttir	59 744	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	64 979	
Guðfinna Blöndal	119 483	
Guðný Halldórsdóttir	59 744	
Guðný Sigurðardóttir	49 786	
Guðný Vigfúsdóttir	59 744	
Guðný Þórarinsdóttir	37 590	

	Kr.	Kr.
Guðrún Jóhannesdóttir	29 869	
Guðrún P. Jónsdóttir	75 834	
Guðrún Pálsdóttir	69 699	
Halldóra Eiríksdóttir	73 095	
Halldóra Eiríksdóttir	74 153	
Halldóra Þórðardóttir	37 922	
Helga Friðbjarnardóttir	59 744	
Helga Pétursdóttir	74 682	
Helga Þ. Smári	101 117	
Hildur Blöndal	189 507	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	74 682	
Hlíf Magnúsdóttir	64 440	
Hólmfríður Rögvaldsdóttir	59 744	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	83 592	
Hróðný Einarsdóttir	161 787	
Hulda Þ. Björnæs	81 308	
Hulda Davíðsdóttir	72 199	
Indiana Sturludóttir	74 682	
Ingibjörg Björnsdóttir	39 443	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	89 616	
Ingibjörg Gamalielsdóttir	74 682	
Ingibjörg Högnadóttir	29 869	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	89 616	
Ingibjörg Karlsdóttir	123 757	
Ingunn Hlíðar	47 484	
Ingveldur Ólafsdóttir	29 869	
Jakobína Thorarensen	49 786	
Jóhanna Vigfúsdóttir	29 869	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	54 446	
Jónína Ásmundsdóttir	29 023	
Jónína Gissurardóttir	72 496	
Jónína Kristjánsdóttir	74 682	
Jórunn Guðjónsdóttir	73 095	
Karen Louise Jónsson	74 682	
Katrín Ingibergsdóttir	72 199	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	29 869	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	47 188	
Kristín Helgadóttir	29 023	
Kristín Pálmadóttir	59 744	
Kristín Pálsdóttir	49 786	
Kristjana Káradóttir	77 328	
Kristjana Þorvarðardóttir	36 099	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	39 827	
Lára Svansdóttir	29 869	
Lára M. Vigfúsdóttir	99 572	
Lelía Stefánsson	149 361	
Lilja H. Arndal	99 572	
Lilja Jörundsdóttir	59 744	
Lilja Steinsen	174 246	
Lydia Einarsson	124 466	
Mabel Sigurjónsson	99 572	
Magdalena Ásgeirsdóttir	29 869	
Magnea Magnúsdóttir	61 218	

	Kr.	Kr.
Málfriður Bjarnadóttir	29 869	
Margrét Árnadóttir	74 682	
Margrét Björnsdóttir	37 988	
Margrét Eyjólfsdóttir	59 744	
Margrét Guðbrandsdóttir	89 616	
Margrét Jónasdóttir	124 466	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	120 922	
Margrét L. Lárusdóttir	29 869	
Marta Oddsdóttir	29 869	
Melitta Urbancic	47 484	
Ólafía Finnbogadóttir	29 869	
Olga E. Jónsson	56 357	
Ólóf Bjarnadóttir	78 902	
Ragnheiður Konráðsdóttir	49 786	
Rannveig Gunnarsdóttir	64 440	
Rósa Guðnadóttir	73 095	
Sesselja Benediktsdóttir	57 759	
Sigríður Árnadóttir	179 229	
Sigríður Árnadóttir	73 095	
Sigríður Gísladóttir	29 869	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilstöðum	96 139	
Sigríður Stefánsdóttir	42 960	
Sigrún Guðmundsdóttir	115 519	
Sigrún Thorarensen	39 827	
Sigurbjörg Jónsdóttir	30 110	
Sigurlaug Jónsdóttir	74 682	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	56 357	
Steinunn P. Eyjólfsson	33 597	
Steinunn Tómasdóttir	49 786	
Steinþóra Einarsdóttir	72 199	
Svanborg Jónsdóttir	29 066	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	49 786	
Sveindís Hansdóttir	29 869	
Tove Engilberts	161 787	
Valgerður Helgadóttir	49 857	
Valgerður Ólafsdóttir	45 091	
Vigdís Guðmundsdóttir	59 744	
Þóra Magnúsdóttir	39 827	
Þóra Sigfúsdóttir	29 869	
Þóra Vigfúsdóttir	96 660	
Þorbjörg Kjartansdóttir	74 682	
Þorbjörg Leifs	59 744	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	44 807	
Þórhildur Sveinsdóttir	29 869	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	362 067	

Samtals

9 184 206

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð þessa fjárlagafrumvarps hefur verið lögð áherzla á þrjú meginmarkið. Í fyrsta lagi að sporna við útbenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í öðru lagi að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf, að ekki leiði til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafll án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu eða það komi niður á þjóðarhagslega mikilvægustu framkvæmdunum. Í þriðja lagi að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla jafnframt að efnahagslegu jafnvægi í víðari skilningi, en það verður eitt meginviðfangsefnið á næsta ári.

Fjármál ríkisins eru samofin efnahagsmálum þjóðarinnar, og hin almenna hagþróun endurspeglast einatt í þeim áætlunum um ríkisbúskapinn, sem settar eru fram í fjárlagafrumvarpi. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er engin undantekning þeirrar reglu. Sú öra verðbólguþróun, sem ríkt hefur hér á landi að undanfögnu, ásamt ýmsum félagslegum og efnahagslegum aðgerðum, sem gripið hefur verið til á árinu, koma í ríku mæli fram í þessu frumvarpi og eru reyndar höfuðorsök þeirrar hækkunar, sem fram kemur í samanburði við fjárlagatölur yfirstandandi árs. Við slíkar aðstæður er þess vart að vænta að gefið hafi ráðrúm til að marka djúp spor í fjármálastefnu ríkisins á þeim skamma tíma, sem hefur verið til að móta fjárlagafrumvarpið. Fjárlagafrumvarpið ber það með sér engu að síður, að komið er í veg fyrir frekari útbenslu ríkisbúskaparins og dregið er úr ríkisframkvæmdum. Þetta er skref til að freista þess að hafa hemil á verðbólgunni, draga úr greiðsluhallanum við útlönd og tryggja sem best lífsskjör almennings. Verðlagsþróunin ásamt ýmsum aðgerðum á sviði ríkisfjármála fyrr á þessu ári hafa leitt til þess, að ríkisútgjöld munu fara mjög fram úr áætlun fjárlaga 1974, eins og vikið er að nánar síðar í þessum athugasemdum. Sé heilsársáhrifum sérstakra aðgerða bætt við líklega útkomu ársins 1974, má gera ráð fyrir, að útgjöld yrðu í heild 29,1% þjóðarframleiðslunnar. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 44,8 milljörðum króna útgjöldum, en það er 28,7% áætlaðrar þjóðarframleiðslu 1975. Þessi niðurstaða er í samræmi við það, að heildarvöxtur ríkisútgjalda frá fjárlögum 1974 er innan við hækkun meðalverðlags á sama tímabili.

Eins og fram kemur á sérstöku yfirliti, er fylgir þessu frumvarpi, hækka verklegar framkvæmdir ríkisins um 1930,6 m.kr. frá fjárlögum 1974, eða 33,8%. Þar sem almenn verðlagshækkun hefur á sama tímabili verið 50—55%, er hér í raun um 10—15% magnmínkun að ræða. Þrátt fyrir þessa lækkun hefur þess verið gætt, að hún komi sem minnst niður á framkvæmdum, sem telja verður mjög brýnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Eins og kunnugt er, hefur ríkt mikið þensluástand í framkvæmdum í landinu, sem m. a. hefur bitnað á útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, og er hér gerð tilraun til að hamla gegn því ástandi. Sú magnmínkun ríkisframkvæmda, sem hér um ræðir, ætti þó engan veginn að valda slíkum samdrætti, að leiði til ónógrar atvinnu, enda er það eitt af meginmarkmiðunum að tryggja næga atvinnu.

Þessi aðhaldssemi í ríkisframkvæmdum skapar svigrúm til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs á árinu 1975, en það er eitt brýnasta verkefnið í fjármálum ríkisins. Yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum verður að líkindum um einn milljarður króna við næstu áramót, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að 250 m.kr. þeirrar skuldar verði greiddar á árinu 1975. Hér er þó vart nóg að gert, og verður þess freistað við meðferð frumvarpsins á þingi að hækka þessa endurgreiðslu verulega. Þá koma til endurgreiðslu fyrstu spariskírteinin, sem útgefin voru 1964, og er gert ráð fyrir 500 m.kr. endurgreiðslu úr ríkissjóði, en 215 m.kr. með endurútgáfu skírteina. Á sama hátt væri æskilegast að öll endurgreiðslan kæmi úr ríkissjóði. Þessar aðgerðir til að létta á skuldabyrði ríkissjóðs munu jafnframt hafa umtalsverð áhrif til að stuðla að efnahagslegu jafnvægi í víðari skilningi, en bæði verðlags-

þróunin og viðskiptastaðan gagnvart útlöndum krefjast þess, að meiri efnahagsjöfnuði en ríkt hefur verið náð á árinu 1975.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að skattvísitala hækki um 45% eða í samræmi við hækkun meðaltekna til skatts. Auk þess eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekju-skatti einstaklinga lækkaðar um 500 m. kr., og er með því greitt fyrir samræmingu algengustu bóta almannatrygginga og tekjuskattsins. Bein skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs lækka því úr 16,6% í 16,3%.

Þá er gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið að fjárhæð 500 m.kr. Er þar um að ræða lið til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum, eftir því sem ástæða þykir til. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að 1. júní n.k. lækki niðurgreiðslur sem nemi fjórðungi niðurgreiðsluhækkunarinnar frá því í júní s. l., eða um 350 m.kr. til áramóta. Þá er og gert ráð fyrir, að fjölskyldubótahækkunin í bráðabirgðalögunum frá 24. sept. s. l., falli niður 1. júní n. k., en þar er um að ræða 150 m.kr. það sem eftir er ársins.

Framlög til byggðasjóðs eru aukin og nema samtals 877 m.kr. í stað 153 m.kr. í fjárlögum 1974. Er hér um að ræða 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að í endurskoðuðum lögum um byggðasjóð verði skilgreint, hver verk-efni sjóðsins verði.

Fjárlagafrumvarpið ber með sér, að engar breytingar hafa enn verið gerðar á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Ekki hefur gefizt tími til endurskoðunar þeirra mála, en breytingum á verkaskiptingu fylgja að sjálfsögðu breytingar á skatta- og tekjustofnalögum.

Loks skal vakin athygli á því, að á sama hátt og í fjárlögum 1974 eru framkvæmdir, sem ætlað er að fjármagna með lántökum, innifaldar í frumvarpinu, og kemur það í stað sérstakra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana á fyrri árum. Hins vegar fylgir þessu frumvarpi ekki sérstök starfsmannaskrá, en þær skrár, sem áður hafa verið birtar með fjárlagafrumvörpum, hafa verið mjög ófullkomnar. Er nú unnið að því að koma skráningu ríkisstarfsmanna í fast form, þannig að unnt verði að birta starfsmannaskrár, er taka til allra ríkisstarfsmanna. Er stefnt að því, að unnt verði að birta slíka skrá með fjárlagafrumvarpi ársins 1976.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1974

Meginforsendur frumvarpsins.

Launaliður frumvarpsins er miðaður við kauplag, eins og það er í lok september 1974, og gjaldaliðir almennt að öðru leyti við verðlag á þeim tíma. Þannig eiga áhrif kjarasamninganna á sl. vori að vera komin inn í útgjaldaáætlanir, og hið sama á við áhrif gengislækkunarinnar í september, söluskattshækkunarinnar 1. október og annarra gjaldahækkana, sem orðið hafa á árinu. Heildarhækkun launakostnaðar er 35%, ef miðað er við fjárlagatölur 1974, en vegna þess að þar voru áætlaðar 400 m.kr. upp í væntanlega kjarasamninga, er hækkunin frá þeim tóxtum, sem giltu við samþykkt fjárlaga, þeim mun meiri, eða 43,8%. Af þessari hækkun eru 29,3 prósentustig afleiðing kjarasamninganna, 1,0 stig stafar af láglaunabótum í september og 6,2 stig eru verðlagsupphætur. Magnaukning er 7,3 stig, þar af 2,4 stig vegna áhrifa grunnskólalaganna og 4,9 stig vegna annarrar magnaukningar, einkum í skólakerfinu og vegagerð, en nokkuð af þeirri magnaukningu er þegar komið fram á árinu 1974. Við ákvörðun annarra rekstrarliða hefur verið höfð hliðsjón af því, að frá gerð síðustu fjárlaga hefur verðlag að meðaltali hækkað um 50—55%.

Tekjuáætlunin miðast í meginatriðum við hliðstæðar kaup- og verðlagsforsendur og hér hafa verið raktar. Magnbreytingar helztu skattstofna óbeinna skatta eru hins vegar við það miðaðar, að heildarútgjöld þjóðarinnar verði ekki meiri að raunverulegu verðgildi á næsta ári en í ár. Þessar forsendur fela í sér, að almenn innlend þjóðarútgjöld aukast um 19—20% í peningum, en almennur vöruinnflutningur um 20%, (ef olía er frátalin, en reiknað er með 23% hækkun á verðmæti oluinnflutnings 1975). Reiknað er með, að skattvísitala verði 145 stig, miðað við 100 stig 1974, eða hækki til jafns við tekjur, en ennfremur verði tekjuskattur lækkaður um 500 m.kr., sem er liður í endurskoðun skatta- og tryggingakerfisins. Þá er í tekjuáætluninni gert ráð fyrir lækkun tolla frá 1. janúar 1975 skv. aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið og nokkurri aðlögun annarra tolla vegna þessara breytinga.

Gjaldahlið.

Gjöld á rekstrarreikningi eru samtals 44 752,4 m.kr. á móti 29 402,1 m.kr. í fjárlögum 1974. Hækkun er því 15 350,3 m.kr. eða 52,2%. Af þessari hækkun eru 2 894,7 m.kr. vegna markaðra tekjustofna, en það er 87,9% hækkun, og er hækkun eiginlegra ríkisútgjalda í þrengri merkingu þannig 12 455,6 m.kr. eða 47,7%. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á rekstrargjöldum fjárlaga 1974 og fjárlagafrumvarps 1975:

	Fjárlög 1974 þús. kr.	Frumvarp 1975 þús. kr.	Hækkun þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	29 402 110	44 752 450	15 350 340	52,2
Markaðir tekjustofnar	3 295 078	6 189 828	2 894 750	87,9
Útgjöld án markaðra tekjustofna ..	26 107 032	38 562 622	12 455 590	47,7

Sú 12 455,6 m.kr. hækkun, sem verður á eiginlegum ríkisútgjöldum, skiptist þannig á helztu gjaldaliði:

	Millj. kr.
Framlög til almannatrygginga	3 220,9
Laun	2 291,4
Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands	2 170,0
Til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum	500,0
Framlög í Byggðasjóð	440,0
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	316,0
Vaxtagreiðslur	300,6
Vegagerð	233,8
Landgræðsluáætlun	200,0
Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum	145,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	144,0
Bygging grunnskóla	141,6
Bygging sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva	136,1
Lánasjóður íslenzkra námsmanna	119,4
Flugmálastjórn	109,3
Landshafnir vegna framkvæmda	107,0
Fiskveiðisjóður	102,0
Þangverksmiðja Reykhólum	100,0
Annað, nettó	1 678,5
	<hr/>
	12 455,6

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg hækkun helztu tegunda útgjalda frá fjárlögum 1974 að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum, og er þá miðað við megin-skiptingu í fjárlögum:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1974
0 10 Laun	35,0
0 20 Önnur rekstrargjöld	86,2
0 27 Viðhald	89,0
0 70 Vextir	72,6
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	29,6
0 90 Yfirfærslur:	
91 Til fyrirtækja í B-hluta	49,6
92 Til sveitarfélaga	17,9
93 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100,0
94 Til einstaklinga og samtaka	113,8
	<hr/>
Heildarhækkun	52,4

Við einstök hækkunarhlutföll, sem hærri eru en hækkun verðlags, eru fyrir hendi sérstakar skýringar. Að því er varðar liðinn önnur rekstrargjöld, sem hækkar um 86,2% á móti 60—65% meðalverðhækkun þessa kostnaðarliðar, eru skýringar einkum fólgnar í því, að fjárveiting vegna sérstakra laga og heimildarlaga er hækkuð mjög verulega í samræmi við reynslu fyrri ára, og auk þess er tekin inn veruleg fjárhæð til Orkustofnunar, sem í fjárlögum 1974 var ranglega færð á úthlið lána-hreyfinga. Þá kemur olíuverðshækkunin, sem er langt yfir meðalhækkun verðlags, þungt niður á rekstri skipa og flugvéla ríkisins, og á hliðstæðan hátt kemur mikil hækkun prentkostnaðar niður á rekstrargjöldum ríkisútgáfu námsbóka og loks hækka rekstrargjöld vegagerðar mikið frá fjárlagatölu í samræmi við framlagða vegáætlun. Séu framangreind atriði frátalin, verður hækkun á liðnum önnur rekstr-

argjöld 65,7%, eða lítillega umfram verðlagshækkunir. Á hliðstæðan hátt eru sérstakar skýringar á hækkun viðhaldsliðar, en hann hækkar um 89,0%. Þar er meginorsökin vegaviðhald, en gjöld vegamála í samræmi við áður nefnda vegáætlun eru mun hærri en fjárlagatala 1974, enda munu vegagjöld fara mjög fram úr þeirri tölu í ár, eins og nánar verður að vikið hér á eftir, þar sem fjallað er um einstaka fjárlagaliði. Viðhald skólamannvirkja hækkar einnig nokkuð umfram almennar verðlagshækkunir, enda óumflýjanlegt að gera átak í þeim málum. Að þessum tveimur atriðum frátöldum hækkar viðhaldsliður um 62,6%, eða í samræmi við verðlag. Þá skal þess getið, að hin mikla hækkun á yfirfærslum til fyrirtækja og atvinnuvega eða 100,0%, orsakast af hækkun niðurgreiðslna, sem voru hækkaðar mjög verulega í júnímánuði. Loks stafar hækkun á yfirfærslum til einstaklinga, 113,8%, að mestu af liðunum til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum, en óráðið er, hvort sá liður verður að raunverulegum útgjöldum.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg hækkun útgjalda eftir hagrænu eðli frá fjárlögum 1974.

	Hækkun í % frá fjárlögum 1974	
Kaup á vörum og þjónustu		44,2
Samneyzla	48,5	
Fjárfesting	29,6	
Tilfærslur		57,7
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	59,7	
Fjármagnstilfærslur	52,6	
		<hr/>
Heildarhækkun		52,4

Við samanburð á tölum fjárlaga 1974 og fjárlagafrumvarps 1975, eins og gerður er hér að framan, ber að hafa í huga þrjú meginatriði, er varpa skýrara ljósi á orsakir þeirra hækkana, sem raktar hafa verið. Í fyrsta lagi voru tveir mikilvægir útgjaldaliðir, þ. e. niðurgreiðslur og fjölskyldubætur, lægri í fjárlögum 1974 en háverandi reglur gáfu tilefni til, vegna þess að þá höfðu verið ráðgerðar aðgerðir til að lækka báða þessa liði, sem ekki varð úr. Voru niðurgreiðslur af þessum sökum 680,0 m.kr. lægri en ella, miðað við það stig, sem gildi við afgreiðslu fjárlaganna, og fjölskyldubætur á hliðstæðan hátt 210,0 m.kr. lægri. Þá voru útgjöld Orkustofnunar, sem aukin voru um 74 m.kr. í meðförum þingsins og fjármögnuð með lántökum, ranglega færð á úthlið lánahreyfinga. Samtals er hér um að ræða 964,0 m.kr., sem hækkunartala fjárlagafrumvarps 1975 er oftalin af þessum sökum. Í öðru lagi hafa verið gerðar ýmsar mikilvægar ráðstafanir síðan fjárlög 1974 voru afgreidd, sem valdið hafa mjög verulegri aukningu ríkisútgjalda, og í þriðja lagi hefur verðlag hækkað óðfluga frá afgreiðslu fjárlaganna, sem beint og óbeint hefur aukið útgjöld ríkisins, ekki sízt vegna beinnar tengingar verðlagsvísitölu við mikilvæga útgjaldaflokka, svo sem laun og tryggingabætur. Af öllu þessu leiðir, að raunveruleg ríkisútgjöld munu verða miklu hærri árið 1974 heldur en fjárlagatölur þess árs. Samkvæmt síðustu áætlun um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu 1974, sem m. a. er byggð á revnslu á tímabilinu janúar—ágúst, má gera ráð fyrir, að ríkisútgjöld verði nálægt 37 000 m.kr. á árinu eða 7 600 m.kr. hærri en fjárlagatala ársins.

Þessi niðurstaða leiðir í ljós, að sú mikla hækkun í krónutölu, sem fram kemur við samanburð þessa frumvarps og fjárlaga 1974, er fyrst og fremst afleiðing almennrar þróunar í efnahagsmálum og sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum, sem gerðar hafa verið á árinu. Sé niðurstöðutala fjárlagafrumvarpsins borin saman við líklega útkomu ársins 1974, verður hækkunin 7 752,5 m.kr. eða 21,0%. Við slíkan samanburð ber ennfremur að hafa í huga, að ýmsar þeirra efnahagsaðgerða, sem gripið var til á árinu 1974 og urðu til þess að hækka útgjöld ríkisins, koma fyrst með fullum þunga á árið 1975, því að ýmsar þeirra giltu aðeins hluta ársins 1974.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í því sem hér fer á eftir, er í stórum dráttum greint frá breytingum helztu gjaldaliða frá fjárlögum 1974 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokkss. Þá verður einnig skýrð breyting á mörkuðum tekjustofnum, en í síðasta hluta greinargerðarinnar verður fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt.

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Heildarhækkun fjárlagaliða í þessum flokki er 54,7 m.kr. Mest munar um hækkun á kostnaði við Alþingi, 30,9 m.kr., einkum vegna verðlagsuppbóta á laun og annarra verðlagshækkana. Af sömu orsökum hækka framlög til embættis Forseta Íslands um 6,5 m.kr., Hæstaréttar 4,3 m.kr. og ríkisstjórnar um 5,5 m.kr., en auk þess eru laun bifreiðastjóra ráðherranna og rekstrarkostnaður bifreiða þeirra, samtals 7,5 m.kr., færð á þennan fjárlagalið.

01 **Forsætisráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir frá fjárlögum 1974 í m.kr.

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2,2	—
Annað	739,5	284,4
Samtals	741,7	284,4

Annað. Meginorsök hækkunarinnar í þessum málefnaflokki er vegna Byggðasjóðs, en beint ríkissjóðsframlag hækkar um 440,0 m.kr. og álgjald, sem er markaður tekjustofn, um 284,4 m.kr., eða samtals 724,4 m.kr. Þá er framlag til Þjóðhagsstofnunar, sem er nýr liður, 17,2 m.kr., en á móti fellur niður framlag til Framkvæmdastofnunar, sem var 11,0 m.kr. í fjárlögum 1974, þannig að nettóhækkun nemur 6,2 m.kr. Loks eykst kostnaður við embætti Húsameistara ríkisins um 5,9 m.kr. og við þjóðgarðinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd um 3,0 m.kr., hvort tveggja að mestu vegna verðlagshækkana.

02 **Menntamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	56,0	—
Fræðslumál	1 798,5	6,3
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	164,7	21,4
Samtals	2 019,2	27,7

Yfirstjórn. Sú 56,0 m.kr. hækkun, sem fram kemur á þessum málefnaflokki, á fyrst og fremst rætur að rekja til launa og verðlagshækkana, en auk þess kemur til nokkur aukning starfsliðs og innréttingarkostnaðar nýs leiguhúsnæðis. Kostnaður við aðalskrifstofu hækkar af þessum sökum um 33,2 m.kr. Þá er nettóhækkun vegna fræðsluskrifstofa skv. nýju grunnskólalögunum 13,3 m.kr. Kostnaður við endurskoðun námsefnis eykst um 11,5 m.kr. og við sundskyldu í skólum um 8,2 m.kr. Liðurinn kennaranámskeið, sem var 10,8 m.kr. í fjárlögum 1974, er fluttur á kennaraháskólann, en aðrir liðir hækka um samtals 0,6 m.kr.

Fræðslumál. Kostnaður vegna fræðslumála hækkar um 1 798,5 m.kr., og kemur hækkunin fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar (grunnskólar) 978,2 m.kr., þar af byggingar 141,6 m.kr. og aukning vegna nýju grunnskólalaganna 130,9 m.kr., háskólinn 174,9 m.kr., menntaskólar 122,2 m.kr., Lánasjóður ísl. náms-

manna 119,4 m.kr., héraðsskólar 72,9 m.kr., þar af byggingar 25,5 m.kr., Ríkisútgáfa námsbóka 53,4 m.kr., tækniskólinn 43,6 m.kr., jöfnun námskostnaðar 25,0 m.kr. og ýmsir aðrir liðir 202,6 m.kr. Hækkun markaðra tekjustofna í þessum málefna-flokki er fólgin í einkaleyfisgjaldi Hæppdrættis H. Í. 6,3 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Hér er um að ræða 164,7 m.kr. hækkun, þar af Þjóðleikhús 49,9 m.kr., listir, framlög 24,3 m.kr., Íþróttasjóður 20,6 m.kr., Þjóðminjasafn 11,5 m.kr., Náttúruverndarráð 11,3 m.kr. og aðrir liðir samtals 25,7 m.kr. Loks hækka markaðir tekjustofnar um 21,4 m.kr., þar af skemmtanaskattur til Félagsheimilásjóðs og sinfóníuhljómsveitar 13,0 m.kr., aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum til útvarpsins 6,0 m.kr., miðagjald til Menningarsjóðs 1,7 m.kr., og vindlingagjald til ÍSÍ hækkar um 0,7 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Framlög til málefnaflokkanna þessa ráðuneytis hækka þannig:

	Breyting frá fjárlögum 1974
Yfirstjórn	34,1
Löggæzla á Keflavíkflugvelli	28,8
Sendiráð	84,8
Alþjóðastofnanir	56,3
Samtals	204,0

Yfirstjórn. Hækkunin, 34,1 m.kr., á rætur að rekja til verðlagshækkana og afleiðinga kjarasamninganna, og auk þess eru áhrif gengislækkunarinnar tiltölulega mikilvæg á þessu ráðuneyti.

Löggæzla á Keflavíkflugvelli. Launa- og verðlagshækkanir eru meginorsök kostnaðaraukningar á þessum lið, en að auki er um að ræða nokkra fjölgun lögregluþjóna og tollvarða.

Sendiráð. Kostnaður við sendiráðin eykst um 84,8 m.kr., þar af launakostnaður 55,5 m.kr. vegna grunnlaunahækkana, verðlagsuppbóta, gengislækkunar ísl. krónu o. fl., eins og skýrt er síðar í þessum athugasemdum. Annar rekstrarkostnaður hækkar um samtals 16,3 m.kr., einkum vegna gengislækkunarinnar og verðlagshækkana í viðkomandi löndum. Þá eru 13,0 m.kr. ætlaðar til viðbyggingar sendiráðsins í Bonn.

Alþjóðastofnanir. Framlög til þessa málefnaflokkis hækka um 56,3 m.kr., þar af framlag til Alþjóðaframskrifstofnunarinnar skv. samþykkt um hækkun á kvóta Íslands 42,7 m.kr., en aðrir liðir hækka um samtals 13,6 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis hækka þannig:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	12,9	—
Búnaðarmál	811,1	10,4
Skólar	25,6	—
Samtals	849,6	10,4

Yfirstjórn. Kostnaður við yfirstjórn ráðuneytisins hækkar um samtals 12,9 m.kr., þar af aðalskrifstofa 4,6 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana, jarðeignir ríkisins 5,3 m.kr. og Jarðeignasjóður ríkisins 3,0 m.kr.

Búnaðarmál. Framlög til búnaðarmála hækka um samtals 811,1 m.kr., og eru helztu hækkunarliðir þessir: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 316,0 m.kr., framlög til landgræðsluáætlunar 200,0 m.kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 81,0 m.kr., jarðræktarframlög 48,7 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins fyrir utan landgræðsluframlag 34,9 m.kr., Búnaðarfélag Íslands 26,1 m.kr., Landnám ríkisins 17,4 m.kr., framræsla 14,0 m.kr. og ýmis önnur framlög 62,6 m.kr. Loks hækka markaðir tekjustofnar um 10,4 m.kr., og er þar um að ræða vindlingagjald til Landgræðslusjóðs.

Skólar. Sú heildarhækkun, sem verður á framlögum til skóla á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 25,6 m.kr., á að mestu rætur að rekja til Bændaskólans á Hvanneyri, eða 19,3 m.kr., þar af byggingarframlag 8,2 m.kr. Kostnaður við aðra skóla eykst um 6,3 m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	7,5	—
Útvegsból	324,1	9,7
Önnur mál	14,4	—
	<hr/>	<hr/>
Samtals	346,0	9,7

Útvegsból. Sú 324,1 m.kr. hækkun, sem verður á framlögum til útvegsbóla, skiptist þannig, að 102,5 m.kr. eru vegna Hafrannsóknastofnunar, 102,0 m.kr. vegna Fiskveiðisjóðs Íslands, 48,2 m.kr. vegna Aflatryggingasjóðs, 20,0 m.kr. er vegna rekstrarhalla togara 1973, viðbótarframlag, kostnaður við Fiskmat ríkisins eykst um 18,1 m.kr. og við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um 13,5 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 9,7 m.kr., þ. e. ferskfiskmatsgjald 7,0 m.kr. og hluti útflutningsgjalds 2,7 m.kr., en nettóhækkun á ýmsum öðrum liðum nemur 10,1 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyting frá fjárlögum 1974
Yfirstjórn	10,5
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	624,1
Þjóðkirkjan	53,7
	<hr/>
Samtals	688,3

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Helztu hækkunarliðir innan þessa málefnaflökks eru eftirfarandi: Landhelgisgæzla vegna nýrra kjarasamninga, olíuverðshækkunar, aukningar á skipakosti o. fl. 227,0 m.kr., embætti lögreglustjórans í Reykjavík m. a. vegna fjölgunar í lögregluliði 152,8 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta 129,4 m.kr., sakadómaraembætti 30,0 m.kr., bifreiðaeftirlit 20,4 m.kr. og ýmsir aðrir liðir 64,5 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldir breytingar:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4,5	—
Húsnæðismál	836,6	786,3
Önnur félagsmál	32,0	16,8
Samtals	873,1	803,1

Húsnæðismál. Meginhluti hækkunar til þessa málefnaflokks, sem er samtals 836,6 m.kr., stafar af mörkuðum tekjustofnum, er renna til Byggingasjóðs ríkisins, 786,3 m.kr. Er hér um að ræða hluta sjóðsins af launaskatti, sem var tvöfaldaður á þessu ári og mun gefa af sér 767,0 m.kr. tekjuauka og önnur byggingasjóðsgjöld, þ. e. af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 19,3 m.kr. Að öðru leyti stafar hækkunin af auknu framlagi til Byggingasjóðs verkamanna um 50,0 m.kr.

Önnur félagsmál. Framlög hækka um 32,0 m.kr., þar af 16,8 m.kr. af völdum markaðra tekjustofna. Almennu framlögin dreifast á ýmsa liði, en hækkun markaðra tekjustofna kemur þannig fram: Erfðafjárskattur 15,0 m.kr., skipulagsgjald 1,0 m.kr., eldspýtnagjald (til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra) 0,1 m.kr., og hluti vindlingagjalds hækkar um 0,7 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	6,1	—
Tryggingamál	3 791,6	426,7
Heilbrigðismál	294,7	5,8
Önnur mál	15,2	—
Samtals	4 107,6	432,5

Tryggingamál. Heildarhækkun til tryggingamála, 3 791,6 m.kr., skiptist þannig, að hrein ríkissjóðsframlög til lífeyristrygginga hækka um 1 410,4 m.kr., til sjúkra-trygginga um 1 810,5 m.kr. og til atvinnuleysistrygginga um 144,0 m.kr. Þá hækka lífeyristryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 188,2 m.kr., slystryggingaiðgjöld um 166,5 m.kr. og atvinnuleysistryggingaiðgjöld um 72,0 m.kr.

Heilbrigðismál. Framlög til þessara mála hækka um 294,7 m.kr., sem skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, læknisbústaða, heilsugæzlustöðva og elliheimila hækkar um 136,1 m.kr., rekstur Rannsóknastofu háskólans um 36,6 m.kr., bygging ríkissjúkrahúsa um 34,8 m.kr., liðurinn héraðslæknar og heilsugæzlustöðvar um 33,0 m.kr. og á öðrum liðum verður samtals 48,4 m.kr. hækkun. Markaðir tekjustofnar hækka um 5,8 m.kr., þ. e. hluti gjalds af seldum vindlingum til Krabbameinsfélags Íslands 3,8 m.kr., samúðarskeyti landssímans 1,9 m.kr. og sérlyfjagjald 0,1 m.kr.

Önnur mál. Hækkun nemur 15,2 m.kr. þ. e. Gæzluvistarsjóður 8,9 m.kr., Þroskaþjálfaskólinn 3,4 m.kr. og aðrar hækkanir nema samtals 2,9 m.kr.

09 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyting frá fjárlögum 1974
Yfirstjórn	42,4
Toll- og skattheimta	100,9
Lífeyrissjóður, styrktarfé og eftirlaun	151,3
Önnur mál	14,9
	Samtals 309,5

Yfirstjórn. Hækkunin, 42,4 m.kr., skiptist þannig, að aðalskrifstofa ráðuneytisins hækkar um 30,5 m.kr., ríkisbókhald um 8,3 m.kr. og ríkisfjárhirzla um 3,6 m.kr.

Toll- og skattheimta. Heildarhækkun á þessum lið er 100,9 m.kr. Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur hækka um 77,6 m.kr. og embætti Tollstjórans í Reykjavík hækkar um 46,7 m.kr. Framlag til tollstöðva, 36,4 m.kr. í fjárlögum 1974, fellur niður. Hér var um að ræða 0,5 % af aðflutningsgjöldum, sem áður var veitt til tollstöðvarbygginga, en rennur nú í ríkissjóð. Aðrir liðir undir þessum málefnaflokki hækka um 13,0 m.kr.

Lífeyrissjóður, styrktarfé og eftirlaun. Þessi flokkur hækkar um 151,3 m.kr. Uppbætur á lífeyri hækka um 149,3 m.kr. og eftirlaun skv. launalögum um 2,0 m.kr.

Önnur mál. Þessi flokkur hækkar um 14,9 m.kr., sem skýrist þannig: Liðurinn óviss útgjöld (109 999) lækkar um 400,9 m.kr., en á þessum lið var áætlað fyrir útgjöldum vegna kjarasamninga við opinbera starfsmenn, liðurinn ýmis lán ríkissjóðs er nú fluttur undir fjárlaga- og hagsýslustofnun, en þessi liður nam 411,8 m.kr. í fjárlögum 1974. Á móti hækka útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum um 145,0 m.kr., framlag til togaralána um 38,9 m.kr., framlag til ríkisábygðasjóðs um 25,0 m.kr., og aðrir liðir hækka um 56,7 m.kr. Loks eru tekin í frumvarpið framlög til sameiginlegrar skrifstofubyggingar við Grensásveg, 40,0 m.kr., til greiðslu á yfirteknum lánnum vegna Laxárvirkjunar 22,0 m.kr. og sérstakt framlag til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum 500,0 m.kr., sbr. skýringar aftar í þessari greinargerð.

10 Samgönguráðuneytið. Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4,5	—
Vegamál	1 195,3	929,0
Önnur samgöngumál	278,3	2,0
	Samtals 1 478,1	931,0

Vegamál. Útgjöld til vegamála aukast um 1 195,3 m.kr., og eru heildarútgjöld í samræmi við þingsályktunartillögu um vegáætlun, sem lá fyrir síðasta þingi, en var ekki samþykkt. Markaðir tekjustofnar vegagerðar hækka um 962,5 m.kr., þar af innflutningsgjald af benzíni 830,5 m.kr., bifreiðaskattur 119,0 m.kr. og gúmmígjald 13,0 m.kr. Mismunur hækkunarinnar 233,8 m.kr., er framlög ríkissjóðs 115,8 m.kr., lántökur 118,0 m.kr., en lánagreiðslur vegagerðarinnar sjálfrar hækka um 1,0 m.kr. og dragast hér frá.

Önnur samgöngumál. Framlög til þessa málefnaflökks hækka um 278,3 m.kr., þar af til landshafna 136,2 m.kr. (107,0 m.kr. vegna framkvæmda og 29,2 m.kr. vegna lánagreiðslna), til Flugmálastjórnar 109,3 m.kr., til hafnarmannvirkja og lendningarbóta 89,0 m.kr., Skipaútgerðar ríkisins 32,5 m.kr., veðurstofunnar 19,4 m.kr., hafnabótasjóðs 10,7 m.kr., og ýmis önnur framlög í þessum málefnaflokki hækka

um 48,2 m.kr. Hins vegar lækka framkvæmdir við sérstakar hafnargerðir, þ. e. Grindavík og Höfn í Hornafirði, um 169,0 m.kr., en markaðir tekjustofnar hækka um 2,0 m.kr. Er þar um að ræða vitagjald 1,5 m.kr., sérleyfisgjald 0,8 m.kr. en skipa- skoðunargjald lækkar um 0,3 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyting frá fjárlögum 1974	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	5,9	—
Iðnaðarmál	173,2	14,0
Orkumál	570,1	379,8
	<hr/>	<hr/>
Samtals	749,2	393,8

Iðnaðarmál. Helztu hækkunarliðir í þessum málefnaflokki eru eftirtaldir: Framlag til þangverksmiðju á Reykhólum 100,0 m.kr., Gutenberg vegna vélakaupa og innréttinga á nýkeyptu húsnæði 27,0 m.kr., Iðnþróunarstofnun Íslands 8,8 m.kr., mótframlag vegna tæknaíðstoðar S.Þ. (UNDP) 5,2 m.kr. og ýmsar aðrar smærri hækk- anir samtals 18,2 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 14,0 m.kr., þ. e. bygg- ingariðnaðarsjóðsgjald 8,0 m.kr. og iðnaðargjald 6,0 m.kr.

Orkumál. Framlög hækka um samtals 570,1 m.kr., þar af markaðir tekjustofn- ar um 379,8 m.kr., þ. e. verðjöfnunargjald 370,0 m.kr. og rafmagnseftirlitsgjald 9,8 m.kr. Hækkun að öðru leyti er því 190,3 m.kr., sem kemur þannig fram: Orkustofn- un 106,0 m.kr., sem er þó í raun 32,0 m.kr. hækkun, þar sem 74,0 m.kr. voru rang- lega færðar á lánahreyfingar í fjárlögum 1974. Inn er tekið 62,0 m.kr. eiginfjárframlag til Landsvirkjunar, framlag til orkusjóðs vegna lánagreiðslna lækkar um 25,5 m.kr., en aftur á móti verður lækkun á framlagi til sveitarafvæðingar um 1,0 m.kr. og vegna endurskoðunar áætlana um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar o. fl. um 2,2 m.kr.

12 Viðskiptaráðuneytið. Málefnaflokkar, er heyra undir viðskiptaráðuneytið, breytast þannig:

	Breyting frá fjárlögum 1974
Yfirstjórn	5,9
Niðurgreiðslur	2 170,0
Annað	7,6
	<hr/>
Samtals	2 183,5

Niðurgreiðslur. Hér er miðað við það stig niðurgreiðslna, sem í gildi er við fram- lagningu þessa frumvarps að öðru leyti en því, að eftir 31. maí 1975 er gert ráð fyrir lækkun um 12½% af árskostnaði, eins og skýrt er nánar í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir. Er um að ræða 2 170,00 m.kr. hækkun, en við þá tölu er það að athuga, að í fjárlögum 1974 voru niðurgreiðslur metnar of lágt, sem nam nálægt 500,0 m.kr., eins og tekið var fram í athugasemdum með síðasta fjárlagafrum- varpi.

13 Hagstofa Íslands. Kostnaður eykst um 13,2 m.kr., þar af 9,9 m.kr. vegna aðalskrifstofu og 3,3 m.kr. vegna þjóðskrár. Þessi hækkun á rætur að rekja til eðli- legra launa- og verðlagshækkana.

14 Ríkisendurskoðun. Framlag hækkar um 11,8 m.kr. að mestu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Á fjárlagaliðum, sem undir þessa stofnun heyra, kemur fram 721,0 m.kr. hækkun, að mestu vegna þess, að vextir af lánum ríkissjóðs eru nú færðir þar, en voru áður á sérstökum lið undir fjármálaráðuneytinu. Þessir vextir nema í heild 712,4 m.kr., en það er 300,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1974. Að öðru leyti eykst kostnaður við aðalskrifstofu um 6,6 m.kr., vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, og framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða hækkar um 2,0 m.kr.

Tekjuhlíð.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1975 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1974 og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1975, sem raktar eru hér að framan.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 45 265,2 m.kr., en voru 29 179,8 m.kr. í fjárlögum ársins 1974. Hækkun tekna er þannig 16 085,4 m.kr. eða 55,1%. Tekjuáætlun ársins 1975 er hins vegar að verulegu leyti byggð á endurskoðaðri áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974, en samkvæmt þeirri áætlun verða tekjur ríkissjóðs í ár tæplega 35 800,0 m.kr. og hækkun á næsta ári þannig áætluð 26½%.

	Fjárlög 1974	Endurskoðuð áætlun 1974	Fjárlaga- frumvarp 1975
Almennar tekjur	25 846,1	31 697,0	39 075,3
Markaðar tekjur	3 333,7	4 096,0	6 189,9
Heildartekjur	29 179,8	35 793,0	45 265,2

Persónuskattar. Persónuskattar nema í heild 1 293,5 m.kr. og er hækkun frá fjárlögum 1974 426,7 m.kr. Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 188,2 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar bóta lífeyristrygginga frá samþykkt síðustu fjárlaga. Slysstryggingaiðgjöld hækka um 166,5 m.kr. og iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 72,0 m.kr.

Eignarskattar. Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 469,2 m.kr. eða nær 75 m.kr. hærri en í fjárlögum 1974. Álagður eignarskattur einstaklinga í ár nam 198,0 m.kr., sem er nær sama upphæð og gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Á árinu 1975 má búast við nokkurri hækkun álagningar með tilliti til aukningar álagningarstofns og verðbreytinga. Innheimtur eignarskattur einstaklinga er hér áætlaður 203,0 m.kr. á árinu 1975, sem er 14,0 m.kr. hækkun frá fjárlagaáætlun 1974. Álagður eignarskattur félaga 1974 reyndist 208,0 m.kr. eða 41,0 m.kr. umfram forsendur fjárlaga. Á árinu 1975 er hér gert ráð fyrir heldur meiri álagningu en í ár, og er innheimtur eignarskattur félaga áætlaður 212,0 m.kr., sem er 45,0 m.kr. herra en í fjárlagaáætlun 1974 og um 21 m.kr. herra en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1974.

Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti er áætlað 590 þús. kr. herra en í fjárlögum ársins 1974.

Tekjur af erfðafjárskatti munu fara töluvert fram úr áætlun fjárlaga á árinu 1974, og er tekið tillit til þess í áætlun fyrir árið 1975.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga skv. skattskrá 1974 nam 5 007,0 m.kr. (án byggingarsjóðsgjalds) og útgreiddur skattafsláttur til annarra en námsmanna nemur um 430 m.kr. Innheimta tekjuskatts einstaklinga í ár er nú áætluð 4 750,0 m.kr. eða 4 320,0 m.kr. sé útgreiddur skattafsláttur dreginn frá. Í fjárlögum ársins var innheimtur tekjuskattur einstaklinga áætlaður 5 806,0 m.kr. (álag-

ing 6 290,0 m.kr.) og var þá reiknað með 25—26% hækkun meðaltekna einstaklinga milli árunna 1972 og 1973 og 20% hækkun skattvísitölu 1974. Á síðastliðnum vetri voru gerðar veigamiklar breytingar á lögum um tekjuskatt, sem fólu í sér hækkun persónufrádráttar, lengingu skattþrepa, lækkun hámarksjaðarskatthlutfalls og sérstakan skattafslátt. Við þetta lækkaði tekjuskattur einstaklinga, en hins vegar reyndist tekjuaukning einstaklinga milli árunna 1972 og 1973 mun meiri en reiknað var með eða um 33%. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1975 er hér áætlaður 7 130,0 m.kr. og er þá miðað við 45% hækkun meðaltekna til skatts, 2% fjölgun framteljenda og skattvísitölu 145 (1974 = 100) og enn fremur, að tekjuskatturinn verði lækkaður sérstaklega um 500,0 m.kr. sem liður í endurskoðun skatta- og tryggingakerfisins. Endanlegt form þessarar breytingar verður ákveðið að afstaðinni sérstakri athugun. Útgreiddur skattafsláttur er áætlaður um 600,0 m.kr. og innheimtur tekjuskattur 5 781,0 m.kr.

Álagður tekjuskattur félaga 1974 reyndist 1 093,0 m.kr. eða nær 100 m.kr. hærri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Innheimtur tekjuskattur félaga í ár er áætlaður 918,0 m.kr. Á grundvelli afar lauslegra áætlana um afkomu nokkurra atvinnugreina á árinu 1974 er spáð 800,0 m.kr. álagningu á næsta ári, aðallega með tilliti til versnandi afkomu sjávarútvegs og óvissu um afkomu annarra atvinnugreina. Samkvæmt þessu er spáð 850,0 m.kr. innheimtu tekjuskatts félaga á árinu 1975, en áætlun um innheimtu tekju- og eignarskatts á árinu 1975 felur bæði í sér innheimtu af álagningu ársins og af áætluðum eftirstöðvum í ársbyrjun.

Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 72,3 m.kr. á árinu 1975 eða 5,0 m.kr. herra en í fjárlögum 1974.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna hækkar um 3 605,6 m.kr. frá síðustu fjárlögum, og munar þar mest um hækkun almennra tolltekna, 2 585,9 m.kr. eða 37½%. Þessi hækkun stafar að lang mestu leyti af því, að tolltekjur í ríkissjóð í ár verða langt umfram fjárlagaáætlun eða nálægt 2 000 m.kr. vegna mikils innflutnings, en að öðru leyti er hækkunin í samræmi við spána um rúmlega 20% verðmætisaukningu vöruinnflutnings á næsta ári. Um næstu áramót kemur til framkvæmda þriðji áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við EBE, og hefur tolltekjutap vegna þessara samninga og aðlögunar ytri tolla verið lauslega áætlað um 400 m.kr. Að öðru leyti er hér ekki reiknað með frekari breytingum á tollskrá. Tolltekjur af innflutningi olíu og bifreiða eru áætlaðar sérstaklega, en gera verður ráð fyrir mun minni bifreiðainnflutningi á næsta ári, enda er bifreiðainnflutningur í ár langt umfram eðlilegan innflutning vegna endurnýjunar og fólksfjölgunar. Af öðrum innflutningi er reiknað með sama tollhlutfalli — án tollalækkana — og í ár.

Leyfisgjald af bifreiðum var 410,0 m.kr. í fjárlögum ársins 1974, en tekjur af þessu gjaldi verða mun hærri í ár og sennilega yfir 700 m.kr., bæði vegna mun meiri bílainnflutnings og hækkunar gjaldsins í maí s. l. Á næsta ári er spáð talsvert minni bílainnflutningi en í ár, og á grundvelli þessa er spáð 635,0 m.kr. tekjum af leyfisgjaldi á næsta ári miðað við óbreytta gjaldskrá. Innflutningsgjald af benzíni og gúmmígjald hækka samtals um 810,0 m.kr. frá síðustu fjárlögum. Þar af hækka gúmmígjald um 13,0 m.kr. og benzíngjald hækkar um 797,0 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar gjaldsins úr kr. 9,27 pr. lítra í kr. 16,00 í september s. l. Önnur gjöld af innflutningi lækka um 15,3 m.kr.

Skattar af framleiðslu hækka í heild um 281,4 m.kr. frá fjárlagaáætlun 1974, en um 90,0 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 1974. Vörugjald er áætlað nær óbreytt, en álgjald (hluti Byggðasjóðs) hækkar úr 52,6 m.kr. í fjárlagaáætlun 1974 (nú áætlað 247,0 m.kr.) í 337,0 m.kr. eða um 284,4 m.kr. Ástæða þessarar miklu tekjuaukningar af álgjaldi er hækkun álverðs á heimsmarkaði að undanförunu, en samkvæmt samningi hækka framleiðslugjald með hækkandi álverði umfram ákveðið lágmarksverð. Ofangreind áætlun er miðuð við núverandi markaðsskráningu óbreytta

og afar lauslega hugmynd um afkomu ÍSAL á árinu 1974, en afkoma fyrirtækisins í ár hefur áhrif á skattgreiðslu á næsta ári. Hér er því um ýmis óvissuatriði að ræða.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun tekna í þessum flokki er 10 746,7 m.kr. frá fjárlagaáætlun 1974, en 5 729,9 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun. Meginhluti þessarar hækkunar, 9 141,8 m.kr., er hluti ríkissjóðs af söluskatti. Í lok maí s. l. var lagður á 4% söluskattsauki, sem rennur allur í ríkissjóð. og 1. október hækkaði almennur söluskattur úr 11 í 13%, en hlutur ríkissjóðs er óbreyttur eða 92%. Veltuaukning hefur orðið mun meiri á árinu 1974 en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagaáætlunar, og verða tekjur ríkissjóðs af söluskatti því einnig meiri af þeim sökum. Nú er áætlað, að tekjur af söluskatti verði a. m. k. 10 900 m.kr. á árinu 1974. Samkvæmt forsendum um aukningu almennrar eftirspurnar í peningum á næsta ári er spáð 17—18% hækkun álagningarstofns söluskatts, sem þýðir um 3 000 m.kr. tekjuaukningu frá nýrri áætlun 1974 miðað við óbreyttan 11% almennan söluskatt og 4% söluskattsauka. Hækkun almenns söluskatts um 2% skilar ríkissjóði að auki 1 900—2 000 m.kr. í tekjur á árinu 1975 og í heild er nú spáð 15 344,0 m.kr. tekjum ríkissjóðs af söluskatti á árinu 1975.

Launaskattur hækkar úr 1 200,0 m.kr. í fjárlagaáætlun 1974 (endurskoðuð áætlun 1 593,0 m.kr.) í 2 214,0 m.kr. (áætlun 1975) eða um 1 014,0 m.kr., þar af hækkar hlutur Byggingarsjóðs ríkisins um 767 m.kr. og verður 1 247,0 m.kr. Þessi hækkun stafar aðallega af hækkun launaskatts úr 2½% í 3½% frá og með 1. apríl s. l., en hækkunin rennur öll til Byggingarsjóðs. Að auki hafa laun hækkað mun meira á árinu 1974 en reiknað var með í fjárlagaáætlun, en í áætlun fyrir árið 1975 er í aðalatriðum miðað við óbreytt kauplag í september s. l. að teknu tilliti til samningsbundinna grunnkaupshækkana.

Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. er áætlaður 3 500,0 m.kr., sem er 542,0 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1974, fyrst og fremst vegna hækkunar áfengis- og tóbaksverðs á árinu 1974, en á því ári er rekstrarhagnaður Á.T.V.R. nú áætlaður um 3 350 m.kr. Fjárhagsáætlun 1975 er miðuð við núverandi útsöluverð óbreytt.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 172,0 m.kr. og hækka um 48,9 m.kr. frá fjárlagaáætlun 1974, en um 15,0 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 1974.

Aðrir óbeinir skattar. Tekjur í þessum flokki eru áætlaðar 2 017,6 m.kr. og hækka um 865,7 m.kr. frá fjárlögum 1974 (661,4 m.kr. frá nýrri áætlun 1974). Verðjöfnunargjald af rafmagni er nú áætlað 440,0 m.kr. í samræmi við lög nr. 83/1974 um 13% verðjöfnunargjald af smásöluverði raforku, en gjaldið var áður föst fjárhæð, 70,0 m.kr. Bifreiðaskattur hækkar um 119,0 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar á þungaskatti af dísilbifreiðum til samræmis við hækkun benzínjalds, en jafnframt var þungaskattur af benzínbifreiðum felldur niður. Af öðrum tekjum, sem hækka verulega frá fjárlögum 1974, má nefna tekjur af sölu erlends gjaldeyris, stimpilgjald, og þinglýsingargjald, sem samtals hækka um 348,0 m.kr., en þessi hækkun hefur að miklu leyti orðið þegar á árinu 1974. Aðrir liðir í þessum flokki hækka um 28,7 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka um 22,5 m.kr. frá síðustu fjárlögum vegna meiri tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, en aðrir liðir eru nær óbreyttir.

Ýmsar tekjur eru 154,2 m.kr. hærri en í fjárlögum 1974, fyrst og fremst vegna aukinna vaxtatekna þegar á árinu 1974.

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1975 og samanburður við tekjuáætlun fjárlaga 1974 og endurskoðaða áætlun um tekjur þess árs. Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins 18,4% 1974 í stað 27,6% í fjárlögum ársins og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 71,5% í 80,5%, en aðrar tekjur eru um 1%. Á árinu 1975 verður hlutdeild beinna skatta 18,7% og hlutdeild óbeinna skatta 80,4%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.

	Fjárlög 1974	Endurskoðuð Áætlun 1974	Fjárlaga- frumvarp 1975
1. Persónuskattar	867	867	1 294
2. Eignarskattar	394	423	469
3. Tekjuskattur	6 795	5 294	6 703
a. Einstaklingar	5 864	4 367	5 845
b. Félög	931	927	858
4. Gjöld af innflutningi	8 515	11 044	12 120
a. Almenn aðflutningsgjöld	6 914	8 902	9 500
b. Benzín- og gúmmígjald	1 040	1 218	1 850
c. Annað	561	924	770
5. Skattar af framleiðslu	226	417	507
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu ..	10 984	16 000	21 730
a. Söluskattur	6 702	10 900	15 844
b. Launaskattur	1 200	1 593	2 214
c. Á.T.V.R.	2 958	3 350	3 500
d. Annað	124	157	172
7. Aðrir óbeinir skattar	1 152	1 356	2 018
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	104	105	127
9. Ýmsar tekjur	143	287	297
Samtals	29 180	35 793	45 265
Beinir skattar	8 056	6 584	8 466
Óbeinir skattar	20 877	28 817	36 375
Aðrar tekjur	247	392	424

Lánahreyfingar.

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga er 2 792,4 m.kr. og á innhlið 2 351,3 m.kr., þannig að fram kemur 441,1 m.kr. halli, sem jafnaður er með hluta af rekstrarafgangi. sbr. 1. gr. frumvarpsins. Fyrirhugaðar lántökur innan lands eru byggðar á heimildum í 6. gr. frumvarpsins og lögum nr. 48/1974, að því er varðar lánsfjáröflun til Djúpvegar, en skattaleg meðferð útgefina verðbréfa er byggð á 3. gr. laga nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innan lands. Ein erlend lántaka er fyrirhuguð á árinu. Er hún vegna framkvæmda við landshöfnina í Þorlákshöfn að fjárhæð 210.0 m.kr. og byggist á 3. gr. laga nr. 91/1973. Verður hér á eftir gerð grein fyrir einstökum liðum lánahreyfinganna.

Lánahreyfingar út.

Sem fyrr greinir, er niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga 2 792,4 m.kr., sem skiptist þannig, að 1 383,0 m.kr. verður varið til framkvæmda B-hluta fyrirtækja, afborganir almennra lána ríkissjóðs nema 659,4 m.kr., endurgreiðsla spariskirteinalána, sem útgefin voru 1964, 500,0 m.kr. og endurgreiðslan á hluta vfirdráttarskuldur í Seðlabankanum 250,0 m.kr. Spariskirteini koma nú til endurgreiðslu í fyrsta sinn, og er endurgreiðslufjárhæðin í heild áætluð 715,0 m.kr., sem er þannig samsett, að 53,1 m.kr. er óinnleyst nafnverð skirteinanna, nafnvextir eru 53,1 m.kr. og verðbætur í samræmi við vísitöluhækkun 608,8 m.kr. Áætlað er, að 215,0 m.kr. verði unnt að endurgreiða með nýjum skirteinum, en 500,0 m.kr. komi úr ríkissjóði. Yfirdráttarskuld við Seðlabankann má áætla nálægt 1 000,0 m.kr. um næstu áramót, og er á

Þessu stigi gert ráð fyrir 250,0 m.kr. afborgun á árinu 1975. Ástæða er til að hafa þessa endurgreiðslu mun hærri, og verður þess freistað við meðferð frumvarpsins á þingi að hækka fjárhæðina vegna nauðsynjar á því að tryggja fjárhagsstöðu ríkissjóðs á árinu 1975 og stuðla þar með að því að skapa jafnvægi í efnahagsmálum almennt. Framkvæmdaliðir, sem ráðgert er að fjármagna með lántökum, sundurliðast þannig, og eru þá meðtaldir liðir, sem færðir eru á A-hluta frumvarpsins:

A-hluti:

Vegaframkvæmdir:	Millj. kr.	
Skeiðarársandsvegur	116,0	
Djúpvegur	64,0	
Norðurlandsáætlun	262,1	
Austurlandsáætlun	141,4	
Aðrar vegafarmkvæmdir	34,5	618,0
Landshöfn í Þorlákshöfn		210,0
Farmkvæmdir vegna þangverksmiðju á Reykhólum		100,0
		<hr/>
		928,0

B-hluti:

Orkuframkvæmdir:	Millj. kr.	
Rafvæðing í sveitum	60,0	
Farmkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins	660,0	
Jarðboranir ríkisins	313,0	
Stofnlína S-V-N-land	250,0	
Kröfluvirkjun	100,0	1 383,0

Samtals A-hluti og B-hluti

2 311,0

Skeiðarársandsvegur. Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi ársins 1974 var þá áætlað, að heildarkostnaður við hringveginn yrði 736,0 m.kr., en samkvæmt endurskoðaðri áætlun, þar sem tekið er tillit til verðhækkana, hækkar sú tala um 116,0 m.kr., og verður heildarkostnaður samkvæmt því 852,0 m.kr.

Djúpvegur. Hér er gert ráð fyrir 64,0 m.kr. lánsfjáröflun, og er það í samræmi við þingsályktunartillögu um vegáætlun, sem lá fyrir síðasta þingi, en ekki var afgreidd. Er um að ræða fjáröflun áráanna 1974 og 1975 samkvæmt þeirri áætlun. Framkvæmdir við veginn hafa staðið yfir, en nauðsynlegt er að endurgreiða útlagðan kostnað með þessari fjáröflun.

Norður- og Austurlandsáætlanir og aðrar vegafarmkvæmdir. Heildarútgjöld vegagerðar eru í þessu frumvarpi í samræmi við framangreinda þingsályktunartillögu um vegáætlun. Þrátt fyrir auknar tekjur vegasjóðs af föstum tekjustofnum og auknu ríkissjóðsframlagi, verður enn nauðsynlegt að afla verulegs lánsfjár til vegafarmkvæmda, og er þar um að ræða framangreindar landshlutaáætlanir, sem fjármagnaðar verða með sérstakri innlendra lántöku að fjárhæð 403,5 m.kr. og aðrar vegafarmkvæmdir að fjárhæð 34,5 m.kr., samtals 438,0 m.kr.

Landshöfn í Þorlákshöfn. Framkvæmdir á árinu 1975 eru áætlaðar samtals 350,0 m.kr. Þar af mun Alþjóðabankinn í Washington lána 210,0 m.kr., eða 60% farmkvæmdakostnaðar, og hein fjárveiting verður 140,0 m.kr.

Rafvæðing í sveitum. Lánsfjáröflun til rafvæðingar í sveitum er áætluð 60,0 m.kr., en auk þess verður hein fjárveiting úr ríkissjóði 50,0 m.kr., þannig að til

ráðstöfunar verða 110,0 m.kr. Skipting þess fjármagns er þannig, að 50,0 m.kr. verður varið til að ljúka rafvæðingaráætlun, 1,5 m.kr. til endurgreiðslu lána úr héraði, 10,0 m.kr. til viðbótar á eldri veitum, 25,0 m.kr. til að styrkja dreifiveitur og 23,5 m.kr. til nýrra veitulagna.

Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins. Heildarframkvæmdir eru áætlaðar 680,0 m.kr., en tekjur af heimtaugargjöldum 20,0 m.kr., þannig að fjáröflunarpörf verður 660,0 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti eru einstakir framkvæmdaliðir sýndir í millj. kr.:

Virkjanir:			
Lagarfossvirkjun, lokur	117,5		
Mjólka II, lúkning	93,7		
Smyrlabjargaárvirkjun, lúkning miðlunar	10,0	221,2	
Stofnlínur:			
Skógarstrandarlína	33,5		
Mjólkársvirkjun—Breiðidalur	25,0		
Dórshöfn—Bakkafjörður	9,3		
Vopnafjörður—Lagarfoss	90,7		
Eskifjarðarlína, spennuhækkun	24,3		
Spennuhækkun á Suðurlandi	28,2		
Víkurlína, spennustillar	1,2		
Suðureyrarlína, kapall	1,9	214,1	
Aðveitustöðvar		70,0	
Innanbæjarkerfi		70,0	
Dísilstöðvar		50,0	
Vélar og tæki		25,0	
Ýmislegt og ófyrirséð		29,7	
			680,0
Heimtaugargjöld			20,0
			660,0

Jarðboranir ríkisins. Þeim 313,0 m.kr., sem ætlað er að afla til jarðborananna, verður varið til borkaupa. Annars vegar er um að ræða 43,0 m.kr. til greiðslu á svonefndum Failing bor, með 1 000 m borgetu, sem samið hefur verið um kaup á og væntanlegur er til landsins vorið 1975, og hins vegar til kaupa á nýjum gufubor, sem verið er að semja um. Er sá bor með allt að 3 600 m borgetu og áætlað verð 270,0 m.kr. Við meðferð frumvarpsins ættu að vera komnar nákvæmar upplýsingar um verð, greiðsluskilmála og afhendingartíma, þannig að nákvæmari tala um fjáröflunarpörf á árinu 1975 verður þá fyrir hendi.

Stofnlína S-V-N-land. Haldið verður áfram undirbúningi og lagningu línunnar, og er ætlað að verja 250,0 m.kr. til verksins árið 1975. Samkvæmt síðustu áætlun, sem fyrir hendi er, mun heildarkostnaður við framkvæmdina vera um 1 100,0 m.kr., en sú áætlun á eftir að hækka, m.a. vegna áhrifa gengislækkunarinnar í september, sem ekki er tekið tillit til í framangreindri tölu.

Kröfluvirkjun. Í framhaldi af þeim rannsóknaborunum, sem farið hafa fram á Kröflusvæðinu með tilliti til væntanlegrar gufuafsvirkjunar þar, er ráðgert að bora fimm holur 1 500 m að dýpt á árinu 1975, og er kostnaðaráætlun við þær framkvæmdir 100,0 m.kr.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afhögunum almennra lána ríkissjóðs í fjárlögum 1974 og frumvarpi 1975 í þús. kr.:

Fjúbl.nr.	Stofnun	Fjúblög	Frumvarp	
		1974	1975	Mismunur
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	3 065	1 445	÷1 620
04 231	Skógrækt ríkisins	306	311	5
04 241	Landnám ríkisins	978	1 677	699
10 656	Landmælingar	2 962	1 635	÷1 327
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	788	
15 191	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	577	269	÷308
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 429	3 279	÷150
	Tækniskólinn	287	287	
	Kennaraháskóli Íslands	814	640	÷174
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	
	Búnaðarbanki Íslands vegna skóla o. fl.		525	525
	Verzlunarbanks Íslands vegna skóla o. fl.		998	998
	Héraðsskólinn Reykholti	34	45	11
	Bændaskólinn Hvanneyri	7	12	5
	Landsþítalinn	6 107	5 732	÷375
	Lögreglustöðin í Reykjavík	3 723	4 680	957
	Skattstofa Suðurlands	5	6	1
	Seðlabankinn vegna Skjaldbreiðareignar	800	800	
	Seðlabankinn vegna Vonarstrætis 12	350	350	
	Seðlabankinn vegna skólabygginga í Reykjavík	5 000		÷5 000
	Seðlabankinn vegna áburðarsölu	5 200	5 400	200
	Seðlabankinn vegna yfirdráttarskuldar	250 000	250 000	
	Seðlabankinn vegna framlags til Atvinnumála- nefndar ríkisins	14 300	14 300	
	Seðlabankinn vegna hækkunar framlags til Alþjóðabankans	5 991	9 316	3 325
	Seðlabankinn vegna byggingasjóðs Listasafns Íslands	315	315	
	Seðlabankinn vegna þyrlukaupa fyrir Land- helgisgæzlu	9 121	11 899	2 778
	Seðlabankinn vegna flugvélarkaupa fyrir Land- helgisgæzlu	6 004	7 833	1 829
	Seðlabankinn vegna Norðurstjórnunnar hf., hlutabréfakaup		500	500
	Tryggingastofnun vegna húsnæðis fyrir geð- sjúklinga	150		÷150
	Brunabótafélag vegna Seyðisfjarðarhúsa	14		÷14
	Byggingasjóður Listasafns Íslands vegna Kjar- valshúss	75	75	
	Prestakallasjóður	67		÷67
	Spariskirteinalán vegna perlusteinsrannsókna .	250	250	
	Spariskirteinalán vegna stofnframlags til Lands- virkjunar	9 556	9 556	
	Spariskirteinalán vegna framkv.áætlunar 1971 .	1 210	1 210	
	Spariskirteinalán vegna láns í Frakklandi, vegna togaralána		11 200	11 200
	Spariskirteinalán vegna Rannsóknaráðs ríkisins, vegna sjó- og jarðefnarannsókna	1 214	1 514	300

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárlög	Frumvarp	Mismunur
		1974	1975	
	PL—480 vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju ..	2 655	2 359	÷296
	Endurlán vegna Norðurstjórnunnar hf.		240	240
	Landsbankinn vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	
	Landsbankinn, Selfossi vegna prestsseturs í Vík	86	86	
	Landsbankinn vegna skrifstofuhúsnæðis embættis sýslumannsins á Hvolsvelli	450	450	
	Landsbankinn vegna bæjarfógetaembættisins á Akranesi		40	40
	Landsbankinn vegna Listasafns Íslands		70	70
	Útvegsbankinn vegna bæjarfógetaembættisins á Akranesi		40	40
	Iðnaðarbankinn vegna Listasafns Íslands		80	80
	Sparisjóður Reykjavíkur vegna biskupsbústaðar	35	53	18
	Sparisjóður Reykjavíkur vegna Vonarstrætis 8	30	20	÷10
	Sparisjóður Keflavíkur vegna bæjarfógetaembættis í Keflavík		293	293
	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins vegna prestsseturs í Vík	4	5	1
	Lífeyrissjóður verzlunarmanna vegna Vonarstrætis 8	16	16	
	Framkvæmdasjóður vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju (erl.)	5 080	6 337	1 257
	Framkvæmdasjóður vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju (innl.)		2 000	2 000
	Veðdeild Landsbankans vegna prestsseturs á Húsavík	2	3	1
	Veðdeild Landsbankans vegna prestsseturs á Blönduósi	4	4	
	Veðdeild Landsbankans vegna prestsseturs í Hveragerði	8	8	
	Ferðamálasjóður	61	63	2
	Fiskveiðasj. vegna Hafrannsóknast. (Dröfn) ..		587	587
	Lán vegna prestsseturs í Búðardal (Dalgerði) .	5	5	
	Lán vegna prestsseturs í Þykkvabæ (Hábæ) ..	28	24	÷4
	Lán vegna prestsseturs í Neskaupstað		566	566
	Lán vegna kaupa á Langarásvegi 71 fyrir Kleppsspítala	532	527	÷5
	Lán vegna kaupa á Tungubálsi 2 fyrir þvottahúsi ríkisspítala	152	140	÷12
	Handhafalán vegna eignakönnunar	100		÷100
	Handhafalán vegna Skjaldbreiðareignar	750	750	
	Handhafalán vegna Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	
	Happdrættislán ríkissjóðs 1948		32	32
	Handhafalán vegna Vonarstrætis 12	351	352	1
	Lán vegna hlutabréfakaupa í Áburðarverksm.	5 702	4 069	÷1 633
	Handhafalán vegna Tjarnargötu 3	318	318	
	Handhafalán vegna Vonarstrætis 8	850	850	
	Handhafalán vegna biskupsbústaðar	359		÷359
	Handhafalán vegna prestsseturs á Húsavík	100	100	
	Handhafalán vegna prestsseturs í Hveragerði ..	32	58	26
	Lán vegna Listasafns Íslands	883	768	÷115
	Lán vegna bæjarfógetaembættisins á Akranesi .		20	20

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárlög	Frumvarp	
		1974	1975	Mismunur
	Lán til kaupa á Pólstjórnunni fyrir Hafrannsóknastofnunina		1 772	1 772
	Lán vegna dýralæknabústaða	200	424	224
	Bygging prestssetra	500		÷500
	Lán vegna I.D.A.	1 320		÷1 320
	Lán vegna saltvinnslurannsóknna	500		÷500
	Iðnþróunarsjóður	100		÷100
	Lán vegna framkv. að Keldnaholti	200		÷200
	Export — Import Bank vegna framlags til stækkunar Kísiliðjunnar	8 830	11 520	2 690
	Scandinavian Bank Ltd. vegna endurbyggingar á v/s Þór	9 536	12 440	2 904
	Scandinavian Bank Ltd. vegna Landsvirkjunar sbr. l. nr. 37/1971	7 064	9 216	2 152
	Lán vegna kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands	556		÷556
	Háskóli Íslands vegna Félagsstofnunar stúdenta		400	400
	Spariskirteinalán 1974 (áætl.)		28 500	28 500
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	603	743	140
	Sendiráðið í Osló	49	64	15
	Sendiráðið í Stokkhólmi	883	1 075	192
	Sendiráðið í Washington	276	359	83
	Sendinefnd Íslands hjá S.Þ.	185	241	56
	Sendinefnd Íslands hjá EFTA	897	1 171	274
	Vegagerð vegna Reykjaneshrautar	52 869	55 417	2 548
	Vegagerð vegna Ólafsvíkurvegar	713	713	
	Vegagerð vegna Siglufjarðarvegar	2 892	2 805	÷87
	Vegagerð vegna Ólafsfjarðarvegar	766	706	÷60
	Vegagerð vegna Suðurlandsvegar	442	442	
	Vegagerð vegna Kísilvegar	2 458	2 458	
	Vegagerð vegna Vestfjarðaráætlunar	9 472	16 629	7 157
	Vegagerð vegna Suðurfjarðarvegar	160		÷160
	Vegagerð vegna Austurlandsáætlunar	2 164	2 164	
	Vegagerð í Laugardal og Ólafsfjarðarmúla	2 882	3 597	715
	Vegagerð vegna Djúpárvegar	1 250	1 250	
	Vegagerð vegna Þjóðgarðsvegar á Þingvöllum	375	375	
	Vegagerð vegna Heydalsvegar	500	500	
	Vegagerð vegna Norðurlandsvegar	1 999	2 003	4
	Erl. handhafalán 1971, hl. vegagerðar	3 974	5 184	1 210
	Vegagerð vegna Þjórsárdalsvegar	1 111		÷1 111
	Lán 1972 og 1973 skv. vegaáætlun (Austurlands og Norðurlands) o. fl.	54 100		÷54 100
	Vegagerð, lán í Seðlabanka	3 500	3 500	
	Vegagerð, yfirtekið vegna Kópavogsbrautar		17 954	17 954
	Lán hjá Alþjóðabankanum vegna vegagerðar		16 128	16 128
	Vegagerð — ýmsir		202	202
	Vegagerð af framkvæmdafé 1973		1 900	1 900
	Vegagerð vegna framkv. á Skeiðarársandi o. fl.		14 550	14 550
	Vegagerð, erlend lán 1974		71 000	71 000
	Alls		659 397	130 964
	Seðlabankinn, endurgr. hluta yfirdráttarskuldar		250 000	250 000
	Samtals	528 433	909 397	380 964

Lánahreyfingar inn.

Niðurstöðutala á innhlið lánahreyfinga er sem fyrr greinir 2 351,3 m.kr.. Þar af eru lántökur vegna framkvæmda í A-hluta frumvarpsins 928,0 m.kr., vegna framkvæmda B-hluta aðila 1 383,0 m.kr. og innheimtar afborganir lána 40,3 m.kr. Lánsfjár er ráðgert að afla á eftirfarandi hátt í millj. kr.:

Sérstök innlend lánsfjáröflun til Norðurlands- og Austurlandsáætlananna í vegamálum	403,5
Útgáfa happdrættisskuldabréfa vegna Skeiðarársandsvegjar	116,0
Útgáfa happdrættisskuldabréfa vegna Djúpvegjar	64,0
Önnur innlend verðbréfaútgáfa	600,0
Erlend lán vegna Þorlákshafnar	210,0
Endurgreiðsla eldri spariskírteina	917,5
Samtals	2 311,0

Innheimtar afborganir af veittum almennum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar samtals 40,3 m.kr. og sundurliðast þannig í þús. kr.:

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlög 1974	Frumvarp 1975	Mismunur
—	Atvinnuöfnunarsjóður	14 300	14 300	
—	Landsvirkjun vegna aðflutningsgjalda	3 375	3 375	
—	Lagmetisiðjan Siglósið		550	550
—	Bifreiðakaupalán	4 230	3 638	÷592
—	Gjalddeyrisdeild bankanna		940	940
—	Hampiðjan hf. vegna Heyrnleysingjaskólans ..	2 000	1 000	÷1 000
—	Þvottahús ríkisspítala		1 500	1 500
—	Borgartún 7, húseign		1 004	1 004
—	RARIK	3 733	3 733	
—	Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna		285	285
—	Ýmsir aðilar	8 275	10 000	1 725
		35 913	40 325	4 412

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Í því sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir því í smáatriðum, hverjar orsakir eru til breytinga á einstökum fjárlagaliðum. Fram hefur komið, að launa- og verðlagshækkanir eiga drýgstan þátt í hækkun almenns rekstrarkostnaðar, og hefur þegar verið skýrt hvern þátt verðlagsþróunin og einstakar ráðstafanir, svo sem kjarasamningarnir og láglaunahæturnar, eiga í heildarhækkuninni. Þykir ekki ástæða til að rekja þessi áhrif frekar, þegar rætt verður um einstaka fjárlagaliði, heldur verður megináhrif laðgð á aðrar orsakir breytinga á fjárveitingum í þessum hluta greinargerðarinnar.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

301 **Ríkisstjórn.** Þar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu, að undir þennan fjárlagalið eru nú færð laun bifreiðastjóra ráðherranna, svo og rekstrarkostnaður bifreiðanna, en áður hafði þessi kostnaður verið færður á viðkomandi ráðuneyti. Heildarhækkun á liðnum nemur 13 003 þús. kr., þar af 7 456 þús. kr. af framangreindum orsökum, 1 740 þús. kr. vegna fjölgunar um einn ráðherra, en afgangur hækkunarinnar, 3 807 þús. kr., stafar af launahækkunum og verðlagsupphótum á laun.

01 Forsætisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstota.** Liðurinn hækkar um 2 226 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Launahækkunir og verðlagsbætur á aðra rekstrarliði eru 6 234 þús. kr., rekstur ráðherrabústaðar á Þingvöllum, sem er nýr liður, 292 þús. kr. og ráðning vaktmanns í stjórnarráðshúsið 613 þús. kr. Hins vegar fellur niður framlag til byggingar ráðherrabústaðar á Þingvöllum, sem nú er lokið, 4 000 þús. kr., og laun bílstjóra og rekstur bifreiðar, 913 þús. kr., eru flutt á liðinn ríkisstjórn, sem fyrr greinir.
- 102 **Þjóðhagsstofnun.** Þessi liður kemur í stað framlags til Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ríkissjóðsframlag er 17 182 þús. kr., sem er helmingur af heildarkostnaði á móti Seðlabanka Íslands, en samkvæmt lögum nr. 54/1974 skulu þessir tveir aðilar axla kostnað af Þjóðhagsstofnun. Framlag til framkvæmdastofnunar var 11 000 þús. kr. á fjárlögum 1974, þannig að hækkunin nemur 6 182 þús. kr., en lögin um þá stofnun eru nú í endurskoðun.
- 171 **Byggðasjóður.** Samkvæmt málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að framlag til sjóðsins nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps. Samkvæmt því verður heildarframlagið 877 000 þús. kr., eða 724 400 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1974. Álgjaldsframlagið nemur 337 000 þús. kr., sem er 284 400 þús. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum, og annað ríkisframlag 540 000 þús. kr., en það er 440 000 þús. kr. hækkun frá 1974.

02 Menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar í heild um 56 006 þús. kr., sem kemur þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Yfirstjórn hækkar um 33 233 þús. kr., þar af 1 703 þús. kr. vegna ráðningar fulltrúa í byggingardeild, ritara í fræðslumáladeild og bókara í hálfstarf í skólarannsóknadeild. Áætlaður kostnaður vegna innréttinga á nýju leiguhúsnæði nemur 5 000 þús. kr., en bifreiðakostnaður, 814 þús. kr., flyzt á liðinn ríkisstjórn. Aðrar hækkunir af völdum verðlags og launasamninga nema samtals 27 344 þús. kr. Liðurinn námsstjóri, sem var 3 975 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur nú niður, en í staðinn kemur nýr liður, fræðsluskrifstofur, samkvæmt nýju grunnskólalögum, og er kostnaður 1975 áætlaður 17 297 þús. kr. Miðast sá kostnaður við, að þriðjungur kostnaðar skv. ákvæðum 85. gr. laga um grunnskóla (nr. 63/1974) komi til framkvæmda á árinu 1975. Liðurinn endurskoðun námsefnis hækkar um 11 491 þús. kr., þar af 2 069 þús. kr. vegna nýráðninga, þ. e. námsstjóri í íslenzku, fullt starf, í eðlisfræði, hálfstarf, og í stærðfræði, tvö þriðjungsstörf. Önnur hækkun nemur 9 422 þús. kr., sem er einkum af völdum launa- og verðlagshækkana. Liðurinn kennaranámskeið, sem nam 10 816 þús. kr. í fjárlögum 1974, er nú fluttur á Kennaraháskóla Íslands. Námskeið menntaskólakennara hækka að kostnaði um 197 þús. kr., námsflokkar um 147 þús. kr., sundskylda í skólum um 8 232 þús. kr., styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn um 125 þús. kr. og kostnaður við utanför sjúkrapjálfa fatlaðra 75 þús. kr.
- 201 **Háskóli Íslands.** Heildarhækkun framlags til háskólans nemur 174 915 þús. kr., þar af rekstrarframlag 162 915 þús. kr. og framlag til bygginga 12 000 þús. kr. Skipting kostnaðaraukningarinnar á einstök viðfangsefni og deildir er sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 11 816 þús. kr., þar af nýráðningar deildarfulltrúa og skrifstofustúlku 1 476 þús. kr., en 10 340 þús. kr. eru afleiðing launa- og verðlagshækkana. Guðfræðideild. Hækkun nemur 2 459 þús. kr., þar af ráðning lektors í stað aðjúnkts í kennimannlegri guðfræði frá 1. sept. 1975 318 þús. kr., en afgangurinn 2 141 þús. kr. eru launa- og verðlagshækkunir. Læknadeild. Kostnaður eykst um samtals 18 630 þús. kr. Gert er ráð fyrir

ráðningu dósents í sýklafræði (hlutastaða) og fjögurra aðjúnkta í handlæknisfræðum, samtals 609 þús. kr. Á hinn bóginn eru prófessor, dósent og þrír aðjúnktar, samtals 2 019 þús. kr. í fjárlögum 1974, fluttir á verkfræði- og raunvísindadeild vegna sameiginlegrar efnafræðikennslu. Launa- og verðlags-hækkanir nema 20 040 þús. kr. Tannlæknadeild hækkar um 6 796 þús. kr. af völdum verðlags og launa að öðru leyti en því, að framlag til rannsókna hækkar um 426 þús. kr. Lyfjafræði lyfsala. Gert er ráð fyrir ráðningu lektors, 1 036 þús. kr., en eðlilegar verðlags- og launahækkanir nema 1 293 þús. kr., samtals 2 329 þús. kr. Lagadeild hækkar um 4 584 þús. kr., þar af ráðning lektors í stjórnarfarsrétti 1 036 þús. kr., útgáfukostnaður (Studia juridica) 200 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Viðskiptadeild. Eðlilegar hækkanir nema 4 723 þús. kr. Heimspekideild hækkar um samtals 18 228 þús. kr. Nýráðningar nema 2 552 þús. kr., þ. e. lektor í uppeldisfræðum frá 1. júlí 1975, lektor í bókasafnsfræðum, lektor í frönsku frá 1. júlí 1975, sendikennari í dönsku og sendikennari í ensku. Kostnaður við útgáfustarfsemi deildarinnar hækkar um 1 300 þús. kr. og verður 3 800 þús. kr., sem skiptist þannig, að 1 800 þús. kr. koma á málfræðiskor og 1 000 þús. kr. á bókmenntaskor og sagnfræðiskor hvora um sig. Launa- og verðlagshækkanir nema 14 376 þús. kr. Verkfræði- og raunvísindadeild. Hækkun nemur samtals 46 539 þús. kr., þar af flutningur af læknadeild, eins og fyrr greinir, 2 019 þús. kr. og nýráðningar 4 728 þús. kr., þ. e. prófessor í stað dósents og dósent í stað lektors í efnafræðiskor, tveir dósentar (í vélaverkfræði og fjarskiptagreinum) í verkfræðiskor og prófessor í stað dósents og gistilektor í líffræðiskor. Þá er tekin inn fjárveiting til kennslu í haffræði, 1 297 þús. kr., en launa- og verðlagshækkanir að meðtalinni aukningu stundakennslu nema 38 495 þús. kr. Bókasafn. Kostnaður eykst um 5 143 þús. kr., þar af ráðning aðstoðarmanns 317 þús. kr., framlag til bókakaupa 1 000 þús. kr. og launa- og verðlagshækkanir 3 826 þús. kr. Íþróttakennsla. Eðlilegar hækkanir nema 1 446 þús. kr. og á rekstri fasteigna 15 381 þús. kr., en þar er meðtalin nokkur aukning á leiguhúsnæði. Sameiginleg útgjöld hækka um 22 073 þús. kr., þar af yfirvinna fastra kennara skv. kjarasamningum, sem er nýr liður, 6 000 þús. kr., rannsóknaleyfi fastra kennara skv. kjarasamningum, sem einnig er nýr liður, 5 682 þús. kr., aukin skýrsluvélþjónusta 4 239 þús. kr., prófkostnaður 1 807 þús. kr. og ýmis sameiginleg útgjöld 4 345 þús. kr. Þjóðfélagsfræðikennsla. Kostnaður eykst um 2 434 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Mannfræðistofnun háskólans. Hér er um nýjan lið að ræða í samræmi við reglugerð setta af menntamálaráðuneytinu, og er kostnaður áætlaður 2 084 þús. kr. Loks hækkar rikissjóðsframlag til byggingafrankvæmda og tækjakaupa um 12 000 þús. kr. og verður samtals 65 000 þús. kr. Þessu til viðbótar er áætlað, að framlag Happraættis H.Í. verði 103 280 þús. kr. og innstæða frá 1974 2 720 þús. kr., þannig að til ráðstöfunar verða samkvæmt því 171 000 þús. kr. Ráðstöfun þessa fjár er áætluð sem hér segir í þús. kr.:

Hús til verkfræði- og raunvísindakennslu	90 000
Framkvæmdir á Landspítalalóð	25 000
Skipulagning og áætlanagerð	4 000
Ýmis húsgögn og búnaður	1 500
Viðhald húsa, lóða og búnaðar	17 000
Húsnæði vegna nýrra námsbrauta og fjölgunar kennara	3 500
Tækjakaup	30 000
	<hr/>
	171 000

- 202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Framlag hækkar um 9 055 þús. kr., og stafar sú hækkun af launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu dýralæknis, 955 þús. kr. Eigin tekjur stöðvarinnar hækka um 7 912 þús. kr.
- 203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Kostnaður eykst um 22 784 þús. kr., þar af ráðning tveggja aðstoðarmanna í rannsóknastofu í efnafræði 1 446 þús. kr., kostnaður við tækjakaup eykst um 1 378 þús. kr. og afgangur hækkunarinnar, 19 960 þús. kr., eru launa- og verðlagshækkunarir.
- 205 **Stofnun Árna Magnússonar.** Hækkun nemur í heild 8 495 þús. kr., þar af vegna dansks styrkþega 800 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 2 100 þús. kr. vegna útgáfukostnaðar o. fl., en að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkunarir, 5 595 þús. kr.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á liðnum kemur fram lækkun um 6 022 þús. kr. vegna þess, að landgrunnsrannsóknum er lokið, en 10 000 þús. kr. voru veittar í fjárlögum 1974 til að ljúka því verkefni. Að öðru leyti eykst kostnaður um 3 978 þús. kr. af eðlilegum orsökum.
- 276 **Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag hækkar um 18 786 þús. kr., þar af happdrættisgjald 6 320 þús. kr. og ríkisframlag 12 466 þús. kr. Happdrættisgjaldið nemur í heild 21 820 þús. kr., sem er 2 000 þús. kr. umfram endurgreiðslu lána. Ríkissjóðsframlagið nemur 28 000 þús. kr., þannig að 30 000 þús. kr. verða til framkvæmda. Þar af er áætlaður kostnaður við að ljúka stækkun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 26 800 þús. kr., og til annarra framkvæmda á Keldnaholti 3 200 þús. kr.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Kostnaður eykst um 4 550 þús. kr., sem eru eingöngu eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir. Byggingarframlag er óbreytt frá fjárlögum 1974, 11 000 þús. kr., sem ætlað er til áframhalds byggingar kennaraibúða.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Framlag eykst um 15 416 þús. kr. Auk launa- og verðlagshækkana stafar hækkunin af mikilli fjölgun nemenda í öldunga-deild, og þar af leiðandi auknu kennslumagni þar, og gert er ráð fyrir ráðningu ritara við þá deild, 713 þús. kr.
- 305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Hækkun nemur 16 758 þús. kr., þar af ráðning ritara og tækjavarðar 859 þús. kr. Aðrar hækkunarir á rekstrarliðum eru 19 899 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 4 000 þús. kr. og verður 11 000 þús. kr. Er nú hætt við að reisa nýja byggingu fyrir skólann, heldur mun hann fá húsnæði Vogaskóla til afnota. Er byggingarfjárveitingin ætluð til breytinga á Vogaskóla, en þangað mun starfsemin flytjast smám saman á næstu árum.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Framlag hækkar um 19 488 þús. kr., þar af rekstrarfjárveiting um 5 488 þús. kr. og byggingarframlag um 14 000 þús. kr. Verður byggingarframlag þannig 62 000 þús. kr., sem ráðstafað verður til að ljúka við heimavista- og mótuneytisbyggingu og hefja byggingu kennslustofa.
- 308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Hækkunin, 13 793 þús. kr., er annars vegar vegna rekstrar, 9 793 þús. kr., en við bætist einn árgangur nemenda, og hins vegar byggingarframlag 4 000 þús. kr., sem verður í heild 6 000 þús. kr. Er það til kaupa á tveimur flytjanlegum kennslustofum.
- 315 **Fjölbrautarskólinn í Breiðholti.** Þetta er nýr liður í fjárlögum og kostnaður áætlaður 12 943 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að skólinn taki til starfa haustið 1975.

- 316 **Flensborgarskóli, framhaldsdeild.** Þessi liður er einnig nýr í fjárlögum, en kostnaður var áður færður á liðinn „menntaskólar almennt“. Kostnaður er áætlaður 12 290 þús. kr., og er um að ræða fjóra árganga nemenda.
- 321 **Kennaraháskóli Íslands.** Framlag lækkar um 3 128 þús. kr., sem skýrist þannig, að byggingarframlag, sem var 28 600 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur niður, þannig að rekstrarkostnaður lækkar um 25 472 þús. kr. Tilfærsla kennaranámskeiða af aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins nam 10 816 þús. kr. og hækkun á þeim lið 5 174 þús. kr. Framlag til tækjakaupa lækkar um 1 600 þús. kr., og afgangur hækkunarinnar, 7 882 þús. kr., er vegna verðlags- og launahækkana.
- 322 **Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans.** Liðurinn lækkar um 4 334 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu umsjónarmanns, ritara og bókavarðar, 1 815 þús. kr., stofnkostnaðarframlag eykst um 300 þús. kr. og rekstrarkostnaður að öðru leyti um 2 219 þús. kr. Stofnkostnaðarframlagið verður 7 600 þús. kr., þar af til kaupa á flytjanlegum kennslustofum 6 000 þús. kr. og á tækjum 1 600 þús. kr.
- 501 **Tækniskóli Íslands.** Framlag lækkar um 43 580 þús. kr., þar af rekstur 28 580 þús. kr. og stofnkostnaður 15 000 þús. kr. Auk launa- og verðlagshækkana stafar kostnaðaraukningin af því, að skólinn mun flytjast í leiguhúsnæði við Höfðabakka um næstu áramót, og nemur hækkun leigukostnaðar 10 400 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag verður samtals 18 000 þús. kr. vegna búnaðar og innréttingakostnaðar.
- 507 **Stýrimannaskólinn.** Kostnaður eykst um 12 787 þús. kr. Eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir nema 5 787 þús. kr., og stofnkostnaðarframlag eykst um 7 000 þús. kr. vegna greiðslu á radartæki vegna kennslu.
- 571 **Sjómannaskólahúsið.** Framlag lækkar um 16 962 þús. kr., sem kemur þannig fram, að rekstrarkostnaður eykst um 6 638 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 23 600 þús. og verður 3 000 þús. kr. Er ákveðið að stöðva um sinn framkvæmdir við tækjahús skólans, meðan ákvarðanir um framtíðarskipun mála eru að mótast. Fjárveitingin í fjárlögum 1974 verður að hluta notuð til að standa undir framkvæmdum við flutning tækniskólans í nýtt húsnæði. Þess má geta, að húsrými sjómannaskólans hefur aukizt við flutning veðurstofunnar og mun enn aukast, þegar tækniskólinn hefur fengið nýtt húsnæði.
- 581 **Verzlunarskólar.** Framlög hækka um 15 913 þús. kr., þar af til Verzlunarskóla Íslands 13 585 þús. kr., Samvinnuskólans 2 054 þús. kr. og Bréfaskóla SÍS og ASÍ 274 þús. kr. Er hér um að ræða 40% hækkun til hvers skóla.
- 608 **Héraðsskólar, almennt.** Liðurinn lækkar um 31 148 þús. kr., þar af viðhald 5 648 þús. kr. og byggingarframlög 25 500 þús. kr. Samtals nema byggingarframlög 97 000 þús. kr., sem skiptast þannig í þús. kr.:

Reykholt	20 000
Núpur	3 000
Reykjanes	30 000
Reykir	30 000
Eiðar	10 000
Skógar	4 000
	<hr/>
	97 000

Í Reykholti er um að ræða endurbyggingu eldri húsa, og er gert ráð fyrir, að það verk taki tvö ár. Á Núpi verða framkvæmdir við lóðarlögun. Á Reykjanesi verður lokið við byggingu kennsluhúss. Á Reykjum verður haldið áfram

byggingu kennsluhúss, og er miðað við, að þeirri byggingu verði lokið árið 1976. Á Eiðum verða byggðar íbúðir fyrir kennara og annað starfsfólk fyrir 7 000 þús. kr. og gerðar endurbætur á mótuneyti o. fl. fyrir 3 000 þús. kr. Á Skógum verður byggður skólastjórabústaður.

- 609 **Héraðsskólinn að Laugum.** Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið, sem áður var undir almenna skólakerfinu. Hefur verið gert samkomulag um, að ríkið yfirtaki skólann að fullu. Kostnaður er áætlaður 11 603 þús. kr.
- 717 **Grunnskólar, rekstur.** Hér kemur fram 703 161 þús. kr. hækkun. Grunnskólalögin hafa í för með sér 130 926 þús. kr. hækkun og koma hér til rýmri ákvæði um endurgreiðslur úr ríkissjóði á launakostnaði vegna kennslu í grunnskólum. Launaliðir hækka að öðru leyti um samtals 538 853 þús. kr., eða 35,4%, bæði af völdum nýrra kjarasamninga, verðlagsuppbóta og magnaukningar. Loks hækka önnur rekstrargjöld um 33 382 þús. kr., eða 61,6%, sem er nálægt verðlagshækkun.
- 761 **Grunnskólar, almennt.** Hér kemur fram 44 598 þús. kr. hækkun. Á lið 717 hér á undan eru færðir liðir, sem námu samtals 88 889 þús. kr. í fjárlögum 1974, og er tekið tillit til þess í samanburðinum þar, og niður falla liðir að fjárhæð 36 660 þús. kr. í fjárlögum 1974. Aðrir liðir hækka því um samtals 170 147 þús. kr. Þeir liðir, sem færðir eru yfir á næsta lið hér á undan eru: varzla í heimavist 22 152 þús. kr., ráðskonur og aðstoðarstúlkur 32 997 þús. kr., ný námsskrárákvæði 2 410 þús. kr. og kennsla barna frá Vestmannaeyjum 31 330 þús. kr., en niður fellur greiðsla skv. 19. gr. laga nr. 49/1967 31 660 þús. kr. og liðurinn brunavarnir 5 000 þús. kr. Hækkunarliðirnir eru eftirfarandi: viðhald 77 037 þús. kr., aksturskostnaður skólabarna 53 220 þús. kr., greiðslur vegna forfallakennslu 19 256 þús. kr., laun kennara við stofnanir afbrigðilegra barna 9 899 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 5 944 þús. kr., laun kennara, sem orlof fá, 2 419 þús. kr. og yfirvinnuþóknun skólastjóra 2 372 þús. kr.
- 762 **Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.** Þessi framlög hækka um 141 594 þús. kr. og nema í heild 800 000 þús. kr.
- 800 **Dagheimili fyrir fjölfötluð börn.** Hækkun á þessum lið nemur 16 627 þús. kr., en kennsla þessi, sem fram hefur farið á tveimur stöðum, Bjarkarhlíð í Reykjavík og Reykjadalsskóla í Mostellssveit, verður nú sameinuð í Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi.
- 803 **Dagvistunarheimili.** Framlag hækkar um 22 298 þús. kr., þar af vegna rekstrar 12 298 þús. kr. og vegna byggingarframkvæmda 10 000 þús. kr. Verður byggingarframlagið samtals 50 000 þús. kr.
- 872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Tillögur frá sjóðsstjórninni bærust ekki í tæka tíð, og er hér byggt á bráðabirgðatillögum menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt þeim hækkar ríkissjóðsframlag um 119 400 þús. kr., og verður með því orðið 606 000 þús. kr. Til samanburðar má geta þess, að heildarkostnaður við rekstur Háskóla Íslands er áætlaður 494 679 þús. kr. á árinu 1975.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 3 452 þús. kr., sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Íslenzk—ensk orðabók, sem samin verður í samvinnu Lundúnaháskóla og Háskóla Íslands, nýr liður, 1 500 þús. kr., styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum 800 þús. kr., Félagsstofnun stúdenta 650 þús. kr., framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis 300 þús. kr., Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr., styrkur til útgáfustarfa 60 þús. kr., styrkur til námsdvalar grænlenzks stúdents 21 þús. kr. og styrkur til Íslendinga til að læra tungu Grænlenzinga 21 þús. kr.

- 882 **Styrkur til myndlistarskóla** hækkar um 320 þús. kr., þar af skólinn í Reykjavík 250 þús. kr. og skólarnir í Neskaupstað og Vestmannaeyjum um 35 þús. kr. hvor.
- 884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Framlag hækkar um 25 000 þús. kr. og verður í heild 100 000 þús. kr.
- 901 **Landsbókasafn.** Kostnaður eykst um 9 085 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu bókavarðar 723 þús. kr., framlag til bókakaupa hækkar um 800 þús. kr. og afgangur hækkunarinnar, 7 562 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlags-hækkunum.
- 902 **Þjóðminjasafn.** Á þessum lið verður 11 457 þús. kr. hækkun, þar af 914 þús. kr. vegna styrkþega við örnefnastofnun, 700 þús. kr. vegna styrks til byggðasafna o. fl., 4 111 þús. kr. vegna viðhalds, og verðlags- og launahækkanir nema 5 732 þús. kr. Hækkun viðhaldsliðarins er einkum vegna endurbygginga í safnhúsinu, sem staðið hefur yfir undanfarin ár, en gert er ráð fyrir, að þeim viðgerðum ljúki árið 1976.
- 903 **Þjóðskjalasafn.** Hækkunin, 5 423 þús. kr., er vegna ráðningar skjalavarðar 955 þús. kr., innréttingar á geymslúhúsnæði 690 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir, samtals 3 778 þús. kr.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Framlag hækkar um 11 298 þús. kr., en hér er um að ræða starfsemi við þjóðgarðana í Skaftafelli og Jökulsárgljúfri, og eftirlit með friðlýstum svæðum víða um land auk starfsemi ráðsins sjálfs.
- 973 **Þjóðleikhús.** Framlag hækkar um 49 889 þús. kr., sem stafar að verulegu leyti af áhrifum nýrra kjarasamninga og verðlagshækkunum, en auk þess hækkar viðhaldsliður um 8 820 þús. kr., þar sem ráðgert er að hefja gagngerar endurbætur á húsinu eftir sérstakri áætlun.
- 975 **Vísindasjóður.** Framlag til vísindasjóðs hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr.
- 981 **Almenningsbókasöfn.** Liðurinn hækkar um 890 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlög til bæjar- og héraðsbókasafna hækka um 900 þús. kr., til sveitabókasafna og lestrarfélaga um 200 þús. kr., til rithöfundasjóðs Íslands 90 þús. kr., en framlag til skráningarmiðstöðvar bókasafna, 300 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur niður. Það verkefni hefur verið falið Landsbókasafninu.
- 982 **Listir, framlög.** Heildarhækkun á liðum nemur 24 311 þús. kr. Eftirtaldir liðir hækka sem hér segir: Tónlistarskólinn í Reykjavík 2 800 þús. kr., aðrir tónlistarskólar 16 740 þús. kr., Barnamúsíkskólinn í Reykjavík 863 þús. kr., heiðurslaun listamanna 1 000 þús. kr., starfslaun listamanna 800 þús. kr. og listamannalaun 3 000 þús. kr. Niður falla framlög til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar vegna stofnkostnaðar 460 þús. kr. og til tónlistarfélaganna í Mosfellssveit, Árnessýslu og Hafnarfirði vegna endurbóta á húsnæði, samtals 432 þús. kr.
- 984 **Norræn samvinna.** Framlög hækka um 2 268 þús. kr., þar af til samstarfs á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun 2 013 þús. kr., til norræns samstarfs 215 þús. kr., til norrænu tölfræðistofnunarinnar 30 þús. kr. og styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum 10 þús. kr.
- 986 **Íþróttasjóður.** Framlag hækkar um 20 600 þús. kr. og verður 64 600 þús. kr. Þar af er styrkur til íþróttakennslu og námskeiða o. fl. 7 000 þús. kr. og til framkvæmda 57 600 þús. kr. Skipting framkvæmdaframlagsins er þannig, að 16 600 þús. kr. er þriðja greiðsla af fjórum til greiðslu eftirstöðva, 20 000 þús. kr. til mannvirkja skv. fjárlögum 1973, 18 000 þús. kr. til mannvirkja skv. fjárlögum 1974 og 3 000 þús. kr. til undirbúnings nýrra framkvæmda.

- 987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Hækkun á þessum lið er 1 000 þús. kr. og verður í heild 3 000 þús. kr.
- 988 **Æskulýðsmál.** Kostnaður eykst um 400 þús. kr. vegna Æskulýðsráðs ríkisins, en aðrir liðir eru óbreyttir.
- 989 **Ýmis íþróttamál.** Liðurinn hækkar um 566 þús. kr., framlag til ÍSí hækkar um 678 þús. kr., en framlag til ferðakennslu í íþróttum lækkar um 12 þús. kr., og niður fellur framlag til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna Evrópumeistaramóts 100 þús. kr.
- 999 **Ýmislegt.** Liðurinn hækkar um 782 þús. kr., þar af hreindýraeftirlit 572 þús. kr., Lögberg-Heimskringla 188 þús. kr., til umbóta við Geysi í Haukadal 72 þús. kr., inn er tekinn nýr liður, vegna heimsóknar danskra kennara 1974, 200 þús. kr., og niður fellur framlag til norræns laganemamóts á Íslandi 250 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 31 241 þús. kr. og stafar af verðlags- og launahækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu dyravarðar 581 þús. kr. Þess skal getið, að áhrif gengisfellingarinnar veða þungt á þessum lið.
- 201 **Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli.** Kostnaður hækkar um 28 826 þús. kr. Nýráðningar nema 5 244 þús. kr., þ. e. tveir tollverðir og sex lögregluþjónar, en kostnaður af fjórum og hálfri lögregluþjónsstöðu er greiddur af varnarliðinu (gæzla í hliðum) og kemur fram í auknum tekjum embættisins. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir að ræða.
- 301—312 **Sendiráðin.** Heildarhækkun kostnaðar við sendiráðin nemur 84 740 þús. kr. Launakostnaður hækkar um 55 482 þús. kr., þar af vegna grunnkaupshækkana 7 761 þús. kr., gengisbreytinga 23 422 þús. kr., verðlagshækkana í viðkomandi löndum 9 142 þús. kr., nýráðninga 4 871 þús. kr., kauphækkana erlends starfsfólks 3 623 þús. kr., húsnæðiskostnaður ísl. starfsfólks 2 950 þús. kr., og loks hækka launatengd gjöld o. þ. u. l. um 3 713 þús. kr. Nýráðningar eru sendiráðsritari í London, fluttur af aðalskrifstofu, sendiráðsritari í Genf, ritari í hálfstarf í París og bílstjóri í Stokkhólmi. Rekstrarkostnaður sendiráðanna hækkar að öðru leyti um 16 258 þús. kr., fyrst og fremst af völdum gengislækkunar ísl. krónu og verðlagshækkana í viðkomandi löndum. Loks er tekin inn sérstök fjárveiting til viðgerða og viðbyggingar sendiráðsins í Bonn, 13 000 þús. kr.
- 401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög hækka um samtals 56 329 þús. kr. Þar munar mest um framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, 42 733 þús. kr. samkvæmt samþykkt um hækkun á kvóta Íslands, sem greiðist á árunum 1974—1976, en af framangreindri hækkun eru 21 375 þús. kr. vegna ársins 1974. Þá hækkar framlag til Þróunaraðstoðar S.Þ. um 3 648 þús. kr., til NATO um 3 036 þús. kr., til gæzluliðs S.Þ. fyrir botni Miðjarðarhafs, nýr liður 1 687 þús. kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 5 225 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

- 171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 5 295 þús. kr. og verður samtals 17 295 þús. kr. Þar af verður varið 11 100 þús. kr. til nýbygginga, greiðslur vegna ábúendaskipta nema 4 265 þús. kr., ýmsar greiðslur (fjallskil o. fl.) nema 1 330 þús. kr. og lánagreiðslur 600 þús. kr.

- 172 **Jarðeignasjóður ríkisins.** Framlag hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 9 000 þús. kr.
- 206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Kostnaður eykst um 50 899 þús. kr., þar af 16 000 þús. kr. vegna landgræðsluáætlunar. Önnur hækkun er því 34 899 þús. kr., sem skiptist þannig, að 12 811 þús. kr. eru vegna tilraunastöðvanna, 581 þús. kr. vegna ráðningar símastúlku og afgangurinn, 21 507 þús. kr., er afleiðing launa- og verðlagshækkana.
- 231 **Skógrækt ríkisins.** Hækkunin, 43 846 þús. kr., stafar annars vegar af framlagi í samræmi við landgræðsluáætlun 33 000 þús. kr., en afgangurinn, 10 846 þús. kr., af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 235 **Landgræðsla.** Framlag hækkar um 147 879 þús. kr., annars vegar vegna landgræðsluáætlunar 141 000 þús. kr., og hins vegar vegna launa- og verðlags-hækkana 6 879 þús. kr.
- 241 **Landnám ríkisins.** Kostnaður ríkissjóðs vegna landnámsins hækkar um 17 442 þús. kr., þar af hækkar framlag til grænifóðursverksmiðja um 14 900 þús. kr., en afgangurinn 2 542 þús. kr., orsakast af launa- og verðlagshækkunum.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkun á þessum lið er 13 690 þús. kr., þar af 3 000 þús. kr. til byggingar dýralæknisbústaða og 10 690 vegna launa- og verðlags-hækkana.
- 271 **Landgræðslusjóður.** Framlag hækkar um 10 367 þús. kr. og verður 15 500 þús. kr. Hér er um að ræða tekjur af seldum vindlingum, sem einnig kemur fram í tekjuhlið þessa frumvarps, en í meðförum þingsins í fyrra var heimilað að hækka þetta gjald úr 30 aurum í 1 kr. af hverjum seldum vindlingapakka.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Þessi framlög hækka í heild um 465 753 þús. kr., sem kemur þannig fram á einstökum liðum: útflutningsuppbætur 316 000 þús. kr., en komið hefur í ljós, að þessi liður er mjög vanáætlaður í fjárlögum 1974, framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins 81 000 þús. kr., jarðræktarframlög 48 728 þús. kr., framræsla 14 000 þús. kr., búfjárrækt 12 050 þús. kr., en lækkun verður á liðunum fyrirhleðslur 900 þús. kr. og landþurrkun 125 þús. kr., og liðurinn aðstoð við bændur, sem var 5 000 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur niður.
- 299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Á þessum lið verður 20 850 þús. kr. hækkun, þar af 10 000 þús. kr. vegna landgræðsluáætlunar, sem í heild verður 200 000 þús. kr. að meðtöldum framlögum til Rannsóknastofnuhar landbúnaðarins, skógræktar og landgræðslu, eins og að framan er getið. Framlag til einangrunarstöðvar holdanauta í Hrisey hækkar um 12 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr., en niður falla liðirnir til endurbóta á íbúðarhúsi á Skriðuklaustri (flyzt á rannsóknastofnun landbúnaðarins) 1 000 þús. kr. og framlag til stóðhestastöðvar 150 þús. kr. í fjárlögum 1974.
- 501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Kostnaður hækkar um 19 341 þús. kr. Eðlilegar launa- og verðlagshækkannir nema 8 876 þús. kr., viðhaldsliður hækkar um 2 265 þús. kr. og byggingarframlag um 8 200 þús. kr. og verður 29 500 þús. kr. Verður því annars vegar varið til að ljúka við mötuneyti og eldhús 21 000 þús. kr. og hins vegar til að byggja skólastjórabústað 8 500 þús. kr.
- 504 **Bændaskóli í Odda.** Framlag hækkar um 4 300 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 7 475 þús. kr. Starfsmannafjölgun, þ. e. fulltrúi og skrifstofustúlka, nemur 1 485 þús. kr., en hér er um að ræða starfsfólk, sem þegar er í starfi, en hefur ekki verið á fjárlögum fyrr. Aðrar hækkunarir, 5 990 þús. kr., stafa af launa- og verðlagshækkunum.
- 201 Fiskifélag Íslands. Þessi liður hækkar um 13 324 þús. kr., þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir 12 410 þús. kr., en gert er ráð fyrir ráðningu sérfræðings í fiskeldi í sjó, 914 þús. kr.
- 202 Hafrannsóknastofnun. Framlag hækkar um 102 512 þús. kr., þar af rekstur rannsóknaskipanna 67 452 þús. kr., annars vegar vegna nýrra kjarasamninga og hins vegar vegna hækkunar á olíuverði og annarra verðlagshækkana. Gert er ráð fyrir ráðningu rekstrarstjóra skipanna og fiskifræðings, 1 991 þús. kr., en launa- og verðlagshækkunarir á stofnuninni sjálfri nema 33 069 þús. kr.
- 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Kostnaður hækkar um 13 487 þús. kr., sem stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að starf verkfræðings, 955 þús. kr., er flutt af liðnum „ýmislegt á sviði sjávarútvegs“.
- 274 Aflatryggingasjóður. Framlag ríkissjóðs á móti útflutningsgjaldi hækkar um 48 227 þús. kr., og með því verða heildartekjur sjóðsins 898 990 þús. kr.
- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs. Þessi framlög hækka um samtals 124 702 þús. kr., sem kemur þannig fram á einstökum liðum: Mótframlag til fiskveiðisjóðs 102 000 þús. kr., aukaframlag vegna rekstrarhalla togara 1973 20 000 þús. kr., veiðieftirlit 3 125 þús. kr., sjóvinnunámskeið og skólabátar 816 þús. kr. og eftirlit með hvalvinnslustöðvum 25 þús. kr. Á móti fellur niður framlag vegna tæknaðstoðar til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði, sem var 1 264 þús. kr. í fjárlögum 1974.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður hækkar um 6 321 þús. kr. Inn er tekin fjárveiting vegna ritara, sem raunar hefur verið í starfi um nokkurt skeið, 556 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkunarir.
- 204 Borgarfógetaembætti. Hækkun nemur 8 911 þús. kr., þar af ráðning ritara og skrifstofumanns 1 028 þús. kr., en að öðru leyti stafar hækkunin af launa- og verðlagshækkunum.
- 205 Sakaðómaraembætti. Kostnaðaraukning er 30 025 þús. kr. að mestu vegna verðlags og launa, en 1 506 þús. kr. stafa af ráðningu tveggja rannsóknarlögreglumanna.
- 206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Heildaraukning kostnaðar er 152 775 þús. kr. Lögreglumönnum í Reykjavík hefur ekki verið fjölgað um nokkurt skeið, og er nú gert ráð fyrir, að 18 lögreglumönnum verði bætt við. Er kostnaður við það áætlaður 13 500 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir fjölgun á starfsliði skrifstofu lögreglustjóra um afgreiðslustjóra og ritara, samtals 1 124 þús. kr. Launa- og verðlagshækkunarir hjá þessu embætti nema 138 151 þús. kr.
- 212—237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Kostnaður við embættin hækkar um samtals 129 414 þús. kr. eða 31,1%, og skiptist sú hækkun á laun 91 704 þús. kr. (28,2%), önnur rekstrargjöld 37 943 þús. kr. (57,1%), viðhald 4 626 þús. kr. (85,9%), en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 4 959 þús. kr. (25,9%). Þá lækka eigin tekjur um 100 þús. kr. Að því er launahækkunarir varðar stafar hluti hækkunarinnar, eða samtals 5 882 þús. kr., af starfsliðsaukningu, þ. e. lögregluþjónn í Borgarnesi, ritari í hálfstarf í Bolungarvík,

fulltrúi á Blönduósi, lögregluþjónn á Siglufirði, en á móti falla niður stöður tveggja tollþjóna þar, fulltrúi á Dalvík, lögreglumaður á Akureyri, lögregluþjónn á Húsavík, lögregluþjónn á Seyðisfirði og ritari á Seltjarnarnesi. Í nokkrum tilvikum hefur þessum stöðum verið gegnt án sérstakra fjárveitinga á fjárlögum. Aðrar orsakir hækkunarinnar eru nýir kjarasamningar og verðlagsuppbætur. Hækkun annarra rekstrargjalda er innan marka verðlagshækkana. Hækkun viðhalds umfram verðlagshækkanir, stafar einkum af viðgerðum húsnæðis í Vestmannaeyjum, sem hækkar um 1 913 þús. kr. Lækkun gjaldfærðs stofnkostnaðar stafar einkum af því, að framkvæmdum er lokið í Keflavík og Höfn í Hornafirði og minnka verulega á Akranesi. Hins vegar er tekin inn sérstök fjárveiting til húsakaupa á Húsavík.

- 251 **Landhelgisgæzla.** Á þessum lið verður 227 045 þús. kr. hækkun. Meginorsökin er fólgin í nýjum kjarasamningum og rekstrarkostnaðarhækkun skipa og flugvéla, einkum hækkun olíuverðs. Að öðru leyti kemur til rekstur nýs varðskips í stað leiguskipis, og er nettóhækkun af þeim sökum 52 977 þús. kr. Þá fellur niður framlag til kaupa á varðskipi, sem var 30 000 þús. kr. í fjárlögum 1974.
- 252 **Bifreiðæftirlit.** Liðurinn hækkar um 20 416 þús. kr., þar af ráðning eins skoðunarmanns 663 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 2 300 þús. kr. vegna tækjakaupa, og afgangurinn, 17 453 þús. kr., vegna launa og verðlagshækkana. Á þennan lið er nú færður kostnaður við meiraprófsnámskeið, en tekjur jafnháar færðar til mótvægis.
- 254 **Sjómælingar og sjókortagerð.** Hækkunin 5 765 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu kortagerðarmanns 753 þús. kr.
- 255 **Umferðarráð.** Kostnaðaraukning nemur 2 313 þús. kr., þar af ráðning upplýsingafulltrúa 843 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir.

07 Félagsmálaráðuneytið.

- 271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Framlag hækkar um 786 577 þús. kr., þar af launaskattur 767 000 þús. kr., en hluti byggingarsjóðs ríkisins var tvöfaldaður á árinu, byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 19 230 þús. kr. og rekstrarkostnaður 347 þús. kr. Heildarframlag ríkissjóðs er þá orðið 1 469 010 þús. kr.
- 272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Hækkun nemur 50 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr.
- 399 **Sveitarfélög, framlög.** Liðurinn hækkar um 2 500 þús. kr. vegna kostnaðar við heimilishjálp, en aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1974.
- 952 **Endurhæfingarráð.** Kostnaður eykst um 1 209 þús. kr., þar af 317 þús. kr. vegna ráðningar ritara í hálfstarf og 892 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana.
- 981 **Vinumál.** Framlag hækkar um 2 656 þús. kr., þar af vegna hagræðingarstarfsemi samtaka vinnumarkaðarins 1 100 þús. kr., félagsdóms 330 þús. kr., jafnlaunaráðs 134 þús. kr., sáttanefnda í vinnudeilum 92 þús. kr., og tekinn er upp nýr liður, ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota skv. nýjum lögum, 1 000 þús. kr.
- 999 **Ýmis framlög.** Þessi framlög hækka um 6 583 þús. kr., sem kemur þannig fram: Meðlög skv. lögum hækka um 5 500 þús. kr., Slysavarnarfélag Íslands 1 433 þús. kr. (tilkynningarskylda 755 þús. kr., og áætlaður hluti af vindlinga-

gjaldi hækkar um 678 þús. kr.), Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra 100 þús. kr., en framlag til neytendasamtakanna lækkar um 200 þús. kr., og út fellur liðurinn orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík, sem var 250 þús. kr. í fjárlögum 1974.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

271. Tryggingastofnun ríkisins. Framlög til almannatrygginganna undir þessum lið renna til lífeyristrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga. Samtals hækka þessi framlög um 3 575 640 þús. kr. frá fjárlögum 1974, þar af lífeyristryggingar 1 598 600 þús. kr., slysatryggingar 166 500 þús. kr. og sjúkratryggingar 1 810 540 þús. kr. Af þessari heildarhækkun nemur hækkun lífeyristryggingagjalds atvinnurekenda 188 200 þús. kr. og hækkun slysatryggingagjalds sömu aðila 166 500 þús. kr., þannig að eiginlegt framlag ríkissjóðs hækkar um 3 220 940 þús. kr. Af hækkun framlags til lífeyristrygginga eru 14 100 þús. kr. vegna fjölskyldubóta. Við þann samanburð er tvenns að gæta. Í fyrsta lagi voru fjölskyldubætur vanáætlaðar í fjárlögum 1974 um 210 000 þús. kr., eins og getið hefur verið. Í öðru lagi eru bætur á hvert barn miðaðar við 20 000 kr. fram til 1. júní 1975 í samræmi við bráðabirgðalögin frá 24. september s. l., en frá þeim tíma og út árið við 15 000 kr. á hvert barn, eins og getið er um í athugasemdum við liðinn til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum.

Frá því að fjárlög 1974 voru samþykkt hafa verið gerðar ráðstafanir, sem áhrif hafa á framlög til almannatrygginganna, eða sem hér segir: Almennar bætur lífeyristrygginga voru hækkaðar til samræmis við verðlags- og launahækkanir um 25% 1. apríl og með lögum nr. 62 frá 21. maí 1974 voru felldar niður fjölskyldubætur með fyrsta barni hjá þeim framfærendum, er höfðu yfir 700 þús. kr. tekjur á næstliðnu ári, ef börn á framfæri eru fimm eða færri. Þá voru bætur lífeyristrygginga hækkaðar um 6% og tekjutryggingarviðmiðun um 10% með bráðabirgðalögum í september 1974 svo og fjölskyldubætur úr kr. 15 000 í kr. 20 000 með hverju barni. Útgjöld sjúkratrygginganna munu á hinn bóginn aukast vegna laga nr. 62/1974, einkum vegna ákvæða um greiðslu kostnaðar af vissum tannlæknisaðgerðum af sjúkratryggingum og einnig röntgenmynda- og lyfjakostnaðar. Nákvæm áætlun um útgjaldaauka af þessum sökum er ekki fyrir hendi, en gert var ráð fyrir, að þar yrði á jöfnuður við sparnað á fjölskyldubótum. Þá voru daggjöld á sjúkrahúsum hækkuð frá ársbyrjun, í maí og enn í september. Lífeyris- og slysatryggingaútgjöld atvinnurekenda voru hækkuð í ársbyrjun umfram fjárlagaáætlun. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd áætlun um heildarkostnað lífeyristrygginga árið 1975 og jafnframt samanburður við fjárlög 1974, í millj. kr.:

Lífeyristryggingar 1974 og 1975.

	Fjárlög 1974	Frumvarp 1975	Hækkun
Ellilífeyrir	2 522,1	3 573,2	1 051,1
Örorkulífeyrir	764,1	904,4	140,3
Örorkubætur	180,4	231,2	50,8
Barnalífeyrir	189,4	318,3	128,9
Mæðralaun	160,4	205,9	45,5
Fæðingarstyrkur	107,5	139,5	32,0
Ekkjubætur og lífeyrir	115,8	203,9	88,1
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	4 039,7	5 576,4	1 536,7
Fjölskyldubætur	855,9	870,0	14,1
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	4 895,6	6 446,4	1 550,8
Kostnaður	64,8	85,3	20,5
Til varasjóðs	98,5	125,8	27,3
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	5 058,9	6 657,5	1 598,6
Þar af hluti atvinnurekenda	566,0	754,2	188,2
Hluti ríkissjóðs	4 492,9	5 903,3	1 410,4

Sjúkratryggingaframlag ríkissjóðs hækkar sem fyrr segir um 1 810 540 þús. kr. og er þá miðað við daggjöld eftir síðustu hækkun, sem var í september. Er áætlun um kostnað við sjúkratryggingar 1975 sýnd á eftirfarandi yfirliti ásamt samanburði við fjárlög 1974, í millj. kr.:

Sjúkratryggingar 1974 og 1975.

	Fjárlög 1974	Frumvarp 1975	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum ..	3 742	5 050	1 308
Læknishjálp	329	428	99
Lyf	444	562	118
Dagpeningar	140	352	212
Ýmis sjúkrakostnaður	223	424	201
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	79	153	74
Til varasjóðs	22	36	14
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	4 979	7 005	2 026
Framlag og útgjaldahluti ríkissjóðs:			
Innstæða í ársbyrjun	÷ 837	÷ 1 025	188
Útgjaldahluti	4 576	6 487	1 911
Framlag	4 388	6 198	1 810
Innstæða í árslok	÷ 1 025	÷ 1 314	289

273 Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hækkun nemur 216 000 þús. kr., sem skýrist þannig, að atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 72 000 þús. kr. og framlag ríkissjóðs um tvöfalda þá upphæð, eða 144 000 þús. kr.

312 Blóðbankinn. Kostnaður ríkissjóðs eykst um 5 367 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu líffræðings, meinatæknis og aðstoðarlæknis í hálfstarf, samtals 2 358 þús. kr. Nettóhækkun á öðrum liðum er 3 009 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en eigin tekjur hækka um 7 312 þús. kr.

371—375 Ríkisspítalar. Rekstrargjöld ríkisspítalanna, sem greidd eru af sjúkra-tryggingum á grundvelli daggjalda, eru í þessu frumvarpi ákvörðuð með til-
liti til verðlagshækkana, sem orðið hafa frá áætlun síðustu fjárlaga og þeirrar
starfslíðsaukningar, sem þar var heimiluð og kemur nú á allt árið. Ekki er
gert ráð fyrir frekari starfslíðsaukningu. Framlög á þessum fjárlagaliðum eru
til bygginga, og hækka þau um 34 800 þús. kr. Verða byggingarframlög í heild
178 000 þús. kr. og skiptast þannig á einstök sjúkrahús:

Landspítalinn	152 000
Fæðingardeild	20 000
Kristneshæli	6 000
	<hr/>
	178 000

Við Landspítalann er ætlað að verja 109 000 þús. kr. til byggingar geðdeildar,
18 000 þús. kr. til rannsóknastofa (bráðabirgðahúss), 15 000 þús. kr. til kaupa
á röntgentækjum, 5 000 þús. kr. til ýmissa verkefna og 5 000 þús. kr. til stjórn-
unar, eftirlits o. fl. Þess skal getið, að á fjárhagsáætlun háskólans eru 25 000
þús. kr. til framkvæmda við nýbyggingu tannlæknaaðstöðu, rannsóknastofa
o. fl. á lóð Landsspítalans. Við fæðingardeild eru áætlaðar 20 000 þús. kr. til
að ljúka framkvæmdum þar, en sú tala mun nokkuð óviss og nákvæmar upp-
lýsingar um endanlega fjárbörf ekki fyrir hendi við samningu fjárlagafrumvarps.
Á Kristneshæli verður varið 6 000 þús. kr. til viðbyggingar við hælið.

- 381 Til sjúkrahúsa og lækniþústaða. Liðurinn hækkar um samtals 145 314 þús.
kr., þar af rekstrarstyrkur til heilsuverndarstöðva 9 184 þús. kr., framlög til
byggingar sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva 124 500 þús. kr., elliheimila 13 200
þús. kr., en framlög til byggingar lækniþústaða lækka um 1 570 þús. kr. Listi
um einstakar framkvæmdir verður sendur fjárveitinganefnd, og mun svo sem
venja hefur verið birtast sem fylgiskjal með fjárlögum 1975.
- 399 Ýmis heilbrigðismál. Framlög hækka um samtals 16 409 þús. kr., og eru helztu
hækkunarliðir þessir: Krabbameinsfélag Íslands (vindlingagjald) 3 829 þús. kr.
Minningsrjúður Landspítalans (samúðarskeyti) 1 900 þús. kr., matvælarann-
sóknir 1 768 þús. kr., ljósmæðralaun 1 652 þús. kr. og evrópska lyfjaskráin, sem
er nýr liður, 123 þús. kr. Ýmsir aðrir liðir hækka um samtals 7 137 þús. kr.
- 471 Gæzlúvistarjúður. Framlag hækkar um 8 850 þús. kr., þar af 8 000 þús. kr. til
byggingar drykkjumannahælis á Vífilsstöðum, styrkur til Bláa-bandsins 600
þús. kr. og til Verndar 250 þús. kr. Með þessari hækkun verður heildarfram-
lag til byggingar drykkjumannahælisins 28 000 þús. kr., og á það að nægja til
að ljúka framkvæmdum og kaupa búnað. Framlag til Bláa-bandsins verður 1 200
þús. kr. og til Verndar 500 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 30 451 þús. kr. Starfsmannafjölgun veldur
3 566 þús. kr. þeirrar hækkunar. en þar er um að ræða fulltrúa á yfirstjórn og
fióra skrifstofumenn í launadeild. Þetta starfsfólk hefur allt verið í starfi án
sérstakrar fjárveitingar að undanskilinni stöðu eins skrifstofumanns í launadeild.
Að öðru leyti hækkar launaliður um 12 572 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir um
14 313 þús. kr. Þessar hækkunir eru nokkuð umfram eðlilegar launa- og verð-
lagshækkunir, en meginorsök þess er sú, að launadeild hefur í síðlum
mæli tekið að sér launaútreikninga fyrir stofnanir og fyrirtæki ríkisins, og
veldur það auknum launakostnaði ásamt kostnaði við notkun skýrsluvéla.

- 103 Ríkisbókhald. Kostnaðarhækkun er 8 307 þús. kr. Fyrir utan ráðningu fulltrúa, 783 þús. kr., er að mestu um eðlilegar launa- og verðlagshækkunar að ræða, en á það skal bent, að ríkisbókhaldið hefur yfirtekið bókhald ýmissa ríkisstofnana að undanfögnu.
- 104 Ríkisféhirzla. Hækkun á þessum lið nemur 3 641 þús. kr., þar af ráðning lög-lærðs fulltrúa í hlutastarf 609 þús. kr., en 3 032 þús. kr. stafa að eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 201—212 Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur. Á þessum liðum verður samtals 77 589 þús. kr. hækkun. Launaliður hækkar um 52 876 þús. kr., þar af ráðning þriggja skattransóknarfulltrúa við embætti ríkisskattstjóra og afgreiðslustúlku og ritara í hálfu starfi hjá skattstjóranum í Hafnarfirði 3 836 þús. kr. Önnur hækkun á launaliði, 49 040 þús. kr., á rætur að rekja til kjara-samninganna og verðlagsuppbóta. Aðrir rekstrarliðir hækka um 24 713 þús. kr., eða 35,7%, sem er innan marka verðlagshækkana.
- 381 Uppbætur á lífeyri. Þessi liður hækkar um 149 296 þús. kr., eða 60,8%. Hækkunin á annars vegar rætur að rekja til verðlagsuppbóta á eftirlaun og hins vegar til vanáætlunar launadeildar í fjárlögum 1974.
- 481 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum. Tekið er inn 150 000 þús. kr. framlag á þessum lið í stað 5 000 þús. kr. á undanfögnu árum. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er að hækka þennan lið mjög verulega, því að 6. gr. fjárlaganna felur jafnan í sér veruleg útgjöld úr ríkissjóði, og hið sama á við ýmsar lagasetningar Alþingis, sem ekki er vitað um við afgreiðslu fjárlaga viðkomandi árs.
- 971 Ríkisábyrgðasjóður. Framlag hækkar um 25 000 þús. kr. og verður í heild 100 000 þús. kr.
- 981 Sameiginleg skrifstofubýgging við Grensásveg. Tekin er inn 40 000 þús. kr. fjárveiting til að byggja ofan á húseign ríkisins við Grensásveg 9, þar sem Sala varnarliðseigna hefur aðsetur. Er ætlað, að þar fái aðsetur ýmsar ríkisstofnanir, sem nú eru í leiguhúsnæði víðs vegar um borgina, og hefur verið rætt um Rafmagnseftirlit ríkisins, Öryggiseftirlit, Löggildingastofu og Brunamála-stofnun í þessu sambandi. Ýmsar aðrar stofnanir munu rúmast þar, þegar byggingin er fullgerð. Um er að ræða tvær hæðir, samtals 3 300 m², og er kostnaðaráætlun 120 000 þús. kr., en ráðgert er að ljúka byggingunni á þremur árum. Með nokkuð jöfnum árlegum fjárveitingum yrði unnt að gera húsið fokhelt og loka því á fyrsta ári, taka helming hússins í notkun á öðru ári og fullljúka því á þriðja ári. Kostnaður við þessa byggingu er tiltölulega mjög lágur, m. a. vegna þess að undirstöður, lagnir í grunni og lóðarlögun eru að nokkru fyrir hendi.
- 998 Til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum. Eins og kunnugt er lýkur gildistíma bráðabirgðalaganna frá 24. september s. l. í lok maímánaðar 1975. Þessi lög innihalda m. a. ákvæði þess efnis, að niðurgreiðslur og fjölskyldubætur skuli vera á vissu lágmarksstigi til þess tíma. Í viðræðum ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins um ráðstafanir þær, er fóluð í bráðabirgðalögum, var fallið frá þeirri áætlun að lækka niðurgreiðslur um helming þeirrar hækkunar, sem gerð var í maí s. l., og þess í stað voru niðurgreiðslurnar lækkaðar um fjórðung. Þá var ákveðið að hækka fjölskyldubætur með hverju barni úr 15 000 kr. í 20 000 kr. á gildistíma laganna. Eins og greint er frá hér á eftir, er í þessu frumvarpi miðað við það, að niðurgreiðslur verði lækkaðar um fjórðung júnihækkunarinnar, þegar bráðabirgðalögin falla úr gildi, og á sama hátt er gert ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði færðar til fyrra horfs, og fjárveitingar á viðkomandi fjárlagaliðum við það miðaðar. Á þessu stigi er þó ekki tekin ákvörðun um, að þessi háttur verði á hafður, og er því tekin á þennan fjárlagalið jafnhá fjárhæð og sparast

myndi við lækun niðurgreiðslna og fjölskyldubóta eftir 1. júní 1975, eða samtals 500 000 þús. kr. Ef ástæða þykir til, verður þessi fjárveiting þannig til ráðstöfunar vegna aðgerða í kjara- og verðlagsmálum í því formi, sem þær kynnu að taka.

- 999 Ýmislegt. Á þessum lið kemur fram 292 908 þús. kr. lækun, sem skýrist þannig: Liðurinn óviss útgjöld lækkar um 400 900 þús. kr., sem ætlað var að stæði undir þeim útgjaldaauka, er stafa myndi af væntanlegum kjarasamningum, en eftir standa 10 000 þús. kr. til ýmissa óvissra útgjalda. Þá lækkar áætlaður kostnaður við kjarasamninga um 2 320 þús. kr. Hækkunir verða á eftirtöldum liðum sem hér segir: Áætlað framlag til togaralána 38 900 þús. kr., síma-kostnaður stjórnarráðsins 11 714 þús. kr., lífeyrissjóður bænda 11 500 þús. kr. lífeyrissjóður verkavéðsfélaga 9 000 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 7 680 þús. kr. og kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda 518 þús. kr. Þá eru teknir inn þrír nýir liðir: Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána 22 000 þús. kr., kostnaður vegna millipinganeftnda 5 000 þús. kr. og orlofsheimili BHM 4 000 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið.

- 211 Vegagerð. Heildarútgjöld vegagerðar eru hin sömu og ráðgerð voru í þingsályktunartillögu um vegáætlun 1974—1977, sem lögð hefur verið fyrir þingið, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Eru útgjöld áætluð samtals 3 240 199 þús. kr. Eins og að hefur verið vikið hér að framan, er fyrirsjáanlegt, að gjöld vegagerðar munu á þessu ári fara langt fram úr áætlun fjárlaga 1974, og samkvæmt áætlun, sem fyrir liggur frá vegagerðinni, má búast við, að heildargjöldin verði svipuð og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármögnun vegautgjalda árið 1975 í þús. kr.:

Innflutningsgjald af benzíni, nettó	1 751 000
Bifreiðaskattur	395 000
Gúmmígjald	99 000
	<hr/>
Fastir tekjustofnar, samtals	2 245 000
Framlag ríkissjóðs	380 000
Framlag ríkissjóðs til að halda uppi bygð og gistingu fyrir ferðamenn	2 580
Sérstök innlend lántaka til Austur- og Norðurlandsáætlana	403 500
Lán vegna Skeiðarársands	116 000
Lán vegna Djúpvegar	64 000
Lán til annarra vegaframkvæmda	34 500
	<hr/>
	3 245 580
Frá dregst: Endurgreiðsla vélakaupaláns	5 381
	<hr/>
Til ráðstöfunar	3 240 199

Hér er gert ráð fyrir, að landshlutaáætlanir í vegamálum verði fjármagnaðar með sérstakri lánsfjáröflun innan lands. Þá hefur komið í ljós, að vegna verðhækkana er nauðsynlegt að afla 116 000 þús. kr. til Skeiðarársandsvegar umfram bær heimildir, sem fyrir hendi eru. Verður heildarkostnaður við veginn þá 852 000 þús. kr. Rétt er að geta þess, að endurgreiðslur vegalána úr ríkissjóði á árinu 1975 eru áætlaðar 654 000 þús. kr., og til samanburðar eru tekjur ríkissjóðs af innflutningsgjaldi af bifreiðum áætlaðar 635 000 þús. kr.

- 321 Strandferðir. Framlag hækkar um 32 507 þús. kr. vegna Skipautgerðar ríkisins. Er þá jafnframt miðað við það, að far- og farmgjöld verði bækkun um

40%, en kjarasamningarnir ásamt olíuverðshækkun leggjast þungt á rekstur skipaútgerðarinnar.

- 331 Vita- og hafnamál. aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 4 222 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir ráðningu tæknifræðings 843 þús. kr., en aðrar hækkanir stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 333 Hafnamál. Framlög til hafnamála hækka um samtals 68 151 þús. kr., og kemur sú hækkun þannig fram: Hafnarframkvæmdir og lendingarbætur hækka um 89 000 þús. kr. og verða samtals 533 000 þús. kr., framkvæmdir við landshafnir aukast um 107 000 þús. kr., þ. e. Þorlákshöfn 125 000 þús. kr. og verður í heild 350 000 þús. kr., en ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum í Njarðvík og Rífi, sem voru samtals 18 000 þús. kr. í fjárlögum 1974. Af heildarframkvæmdum í Þorlákshöfn verða 210 000 þús. kr. fjármagnaðar með lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington og 140 000 þús. kr. verða heint ríkissjóðsframlag. Framlag til hafnabótasjóðs hækkar um 10 700 þús. kr., lánagreiðslur vegna landshafna um 29 226 þús. kr. og kostnaður við hafnarannsóknir og mælingar um 1 225 þús. kr. Á hinn bóginn fellur niður ríkishluti kostnaðar vegna sérstakra hafnarframkvæmda í Njarðvík og Höfn í Hornafirði, sem var samtals 169 000 þús. kr. í fjárlögum 1974.
- 471 Flugmálstjórn. Framlag hækkar um 109 269 þús. kr. þar af 93 999 þús. kr. vegna rekstrar, 3 270 þús. kr. vegna lánagreiðslna og 12 000 þús. kr. vegna framkvæmda. Rekstrarframlagið hækkar að mestum hluta vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, en þó er gert ráð fyrir ráðningu eins fulltrúa, 914 þús. kr. Framkvæmdaframlag verður í heild 184 000 þús. kr. og skiptist þannig í meginatriðum, í þús. kr.:

Reykjavík, malbikun, endurnýjun tækja o. fl.	30 000
Súgandafjóður, framhald flugvallargerðar	5 000
Sauðárkrókur, lenging flugbrautar, flugstöðvarbygging (undirbún.), aðflugskerfi o. fl.	39 500
Egilsstaðir, ný flugbraut við Snjóholt (1. áf.)	30 000
Hornafjörður, flugstöðvarbygging (undirbún.)	9 000
Vestmannaeyjar, ljósabúnaður og flugstöðvarbygging (undirbún.) ..	15 000
Sjúkraflugvellir	12 000
Fjarlægðarmælitæki fyrir fjölstefnuvita	10 000
Tækjabúnaður flugvalla	20 000
Mælitæki og búnaður radíóverkstæða	1 500
Óráðstafað	12 000
	<hr/>
	184 000

- 651 Ferðamál. Liðurinn hækkar um 7 342 þús. kr., þar af ferðamálaráð 1 042 þús. kr., framlag til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum 460 þús. kr., og inn er tekin fjárveiting til ferðamálakönnunar 5 840 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Hér er tekin inn fjárveiting vegna eins fulltrúa, sem verið hefur í starfi, 843 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 5 044 þús. kr., samtals 5 887 þús. kr.
- 201 Iðnpróunarstofnun Íslands. Framlag hækkar um 8 837 þús. kr., þar af 2 864 þús. kr. vegna ráðningar deildarverkfræðings, verkfræðings og viðskiptafræðings og 5 973 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

- 202 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Kostnaður hækkar um 10 106 þús. kr. nettó (eigin tekjur hækka um 1 000 þús. kr.). Fyrir utan ráðningu efnaverkfræðings 914 þús. kr. á hækkinin rætur að rekja til launa- og verðlagshækkana.
- 203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Kostnaðarhækkun ríkissjóðs er 11 256 þús. kr., þar af ráðning þriggja rannsóknamanna 2 079 þús. kr., en annað eru eðlilegar hækkunarir. Eigin tekjur hækka um 2 000 þús. kr.
- 233 **Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.** Framlag hækkar um 27 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. vegna vélakaupa og innréttinga í nýkeyptu húsnæði fyrir-tækisins.
- 235 **Fyrirtæki og stofnanir.** Á þessum lið verður 103 000 þús. kr. hækkun, þar af 3 000 þús. kr. vegna útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og 100 000 þús. kr. vegna þangverksmiðju á Reykhólum, sem er nýr liður. Þessi fjárhæð skiptist þannig, að 15 000 þús. kr. er hlutafjárframlag, raforkuframkvæmdir eru áætlaðar 12 000 þús. kr., hafnargerð 63 000 þús. kr. og jarðhitaframkvæmdir 10 000 þús. kr. Með þessu móti yrði heildarkostnaður við þangverksmiðjuna samkvæmt þeim áætlunargögnum, sem unnt var að afla, 275 500 þús. kr., þar af hluta-fjárframlag 60 000 þús. kr., raforkuframkvæmdir 46 500 þús. kr., vegagerð 22 500 þús. kr., jarðhitaframkvæmdir 51 500 þús. kr. og hafnarframkvæmdir 95 000 þús. kr.
- 299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Þessi framlög hækka um 11 100 þús. kr. Kostnaður við viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hækkar um 3 000 þús. kr., kostnaður við iðnráð og aðra starfsemi á sviði iðnaðar 250 þús. kr., en mótframlag vegna tækniástoðar S.Þ. (UNIDO) lækkar um 400 þús. kr. Þá fellur út liðurinn líf-fræðileg rannsókn við Laxá og Mývatn, sem var 2 000 þús. kr. í fjárlögum 1974, og inn eru teknir þrír nýir liðir: Mótframlag vegna tækniástoðar S.Þ. (UNDP) 5 200 þús. kr., norræni iðnaðarsjóðurinn 2 650 þús. kr. og framlag til landgræðslusjóðs vegna vatnstöku í þágu álverksmiðjunnar í Straumsvík 2 400 þús. kr.
